

PRÍSŤI NN

SKÓLABLAÐ
GRUNDASKÓLA
1. tbl. - 10. árg.
Maí 2004



hraði - þægindi - margbreytileiki
- einfaldari byggingarmáti -
www.smellinn.is

smellinn

FORSTEYPTAR HÚSEININGAR FRÁ ÞORGEIRI & HELGA
Þorgeir og Helgi • Hlíðasal 4 • 300 Akranes
Sími: 433-6000 • Fax: 433-6001 • smellinn@smellinn.is

SAFNASVÆÐIÐ Á AKRANESI
Sími 431 5566 - Fax 431 5567 - Veffang: www.museum.is
Netfang: museum@museum.is

OPNUNARTÍMI:

15. maí - 15. sept.
10-17 alla daga
16. sept. - 14. maí
13-17 alla daga

BESTU NÁMSMANNNAKJÖRIN

- Við hvetjum þig til að bera saman þau kjör sem námsmönnum bjóðast hjá bönkunum.
- Hjá KB banka færðu bestu kjörin á yfirdráttarheimild, mánaðarlegu framfærsluláni í tengslum við LÍN og tölvukaupaláni*.
- Við bjóðum þér marga fleiri góða kosti sem þú skalt kynna þér á www.kbbanki.is
- Námsmenn njóta góðs af góðum árangri KB banka.



www.kbbanki.is



Guðbjartur Hannesson, skólastjóri:

Fjölbreyttari kennslu- hættir með nýrri tækni

Ágætu lesendur!

Þið fáið hér í hendur árlegt eintak af skólablaðinu okkar, Púlsinum. Blaðið er unnið af nemendum og kennurum og ætlað sem kynningarblað á skólastarfinu í Grundaskóla og gefur innsýn í hið fjölbreytta skólastarf hér. Ég vil í upphafi nota tækifærið til að þakka kærlega öllum, þeim er styrkt hafa eða unnið að útgáfu blaðsins, fyrir þeirra framlag.

Metnaður - góð liðan - betri árangur

Megin tilgangur skólastarfsins er að sinna fræðslu, kenna nemendum að tileinka sér þekkingu og veita þeim grunnfærni í ákveðnum námsgreinum. Samkvæmt

grunnskólalögum og námskrám er skólanum ætlað að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og reiknað er með að nemendur fái nokkru ráðið um viðfangsefni á hverjum tíma. Meginforsendur árangursríks skólastarf er góð liðan og jákvæð samskipti og metnaðarfullt starf nemenda, foreldra og starfsmanna og kröfur um góðan árangur. Ánægjulegt er því að



sjá í könnunum, sem gerðar hafa verið hér í skólanum, að nemend-



PÚLSN

Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

Ábm.:


Guðbjartur Hannesson

Umsjón með útgáfu:

Karl Hallgrímsson

Prentvinnsla:

Prentverk Akraness hf.



Heimsíða Grundaskóla:
www.grundaskoli.is
Netfang Grundaskóla:
grundaskoli@grundaskoli.is



Knattspyrnulið kennara á unglíngastigi eftir sigur á liði nemenda.



ur og foreldrar eru almennt mjög ánægðir með skólann, kennarana og starfsfólkið. Allir aðilar virðast skilja vel tilganginn með skólastarfinu og mikilvægi þess að leggja sig fram og að ná árangri.

Fjölbreytt viðfangsefni - ný tækni

Það er hluti af því að skapa ánægju og að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda að bjóða upp á fjölbreytt verkefni í tengslum við hefðbundnar námsgreinar, samþætta greinar og takast á við ný verkefni. Þannig sáum við frábæra vinnu í tengslum við söngleikinn Frelsi s.l. vetur og í ár gerðu 8. bekkingar kvikmynd sem sýnd var í Bíóhöllinni. Nýr tækjabúnaður, sem keyptur var fyrir ágóðann af söngleikum, hefur gefið okkur ný tækifæri og er gaman að fylgjast með allri myndvinnslunni, frágangi á heimasíðu o.fl. sem fylgir þessum nýju möguleikum.

Þetta bætist við árleg verkefni s.s. hæfileikakeppni, sjávarútvegsþema, ýmis ferðalög, skólablaðið

og fjölbreytta vinnu yngri nemenda.

Umferðar- og öryggismál

Síðastliðin tvö ár hafa starfsmenn Grundaskóla unnið að þróunarverkefnum þar sem skoðuð hefur verið umferðarfræðsla í skólum. Í framhaldi af þessari vinnu hefur Rannsóknarráð umferðaröryggismála (RANNUM) samþykkt veglegan styrk til Grundaskóla til þess að skipuleggja og þróa námskeiði umferðarfræðslu fyrir grunnskólakennara, að vinna að gerð námsefnis í umferðarfræðslu fyrir unglingastig og að útbúa vefsvæði til að veita kennurum upplýsingar og hugmyndir um slíka fræðslu. Þetta er gríðarlegt verkefni sem spennandi verður að vinna að.

Foreldrafræðsla

Þá er að aukast að skólinn haldi námskeið eða veiti fræðslu fyrir foreldra um skólastarfið og stendur til að efla þann þátt frekar m.a. með árlegum námskeiðum fyrir foreldra nemenda í 5. bekk og 8. bekk, til viðbótar námskeiðum fyrir foreldra nemenda í 1. bekk.



Góð aðstaða - gott starfsfólk - enn betri árangur

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru varðandi skólastarf í Grundaskóla. Til viðbótar má nefna að á skólaárinu var nýtt mótuneyti starfsmanna og nemenda tekið í notkun. Ítarlegar er fjallað um marga þætti skólastarfsins annars staðar í blaðinu.

Skólinn býr við góða aðstöðu og hefur á að skipa frábæru starfsfólki. Allt þetta gerir kröfur um að skólinn sé í fremstu röð grunnskóla. Starfsfólk hefur verið óhrætt að takast á við ný verkefni, leysa mál sem upp koma og bregðast við nýjum kröfum og verkefnum. Það er duglegt að sækja sér endurmenntun og fræðslufundi og endurnýja þekkingu sína. Skólinn hefur hagsmuni nemenda ávallt að leiðarljósi og allt okkar starf miðast við að bæta árangur nemenda í skólanum. Við erum stolt af skólanum okkar.

Guðbjartur Hannesson skólastjóri



Úrslitakvöld Stóru Upplestrarkeppninnar

Frásögn tveggja keppenda

Í byrjun lásam við ljóð og smásögur en smám saman jókst magnið á textanum. Við lærðum ýmsar góðar reglur sem við áttum að notfæra okkur í lestrinum svo hlustendum fyndist gott að hlusta. Við lærðum að tala skýrt og leggja áherslu á orðin. Einnig að horfa upp og ná sem bestum tengslum við hlustandann.

Forkeppni var haldin í skólastofunni, þá keppni dæmdu tveir kennarar skólans og völdu þeir 16 bestu lesarana til að halda áfram. Í næstu keppni átti að lesa ljóð og brot úr sögu og var sú keppni haldin á sal skólans. Eftir keppnina á salnum voru valdir 6 nemendur til að taka þátt í lokakeppninni fyrir hönd skólans, þeir sem komust áfram voru: Gunnar Þór, Harpa, Arna, Líf, Gígja og Svandís. Þessir krakkar þurftu að æfa sig mjög vel fyrir aðalkeppnina. Daginn sem aðalkeppnin var hittust allir keppendurnir bæði úr Grundaskóla og Brekkubæjarskóla í Vinaminni þar sem lokaæfingin var tekin með öllum hópnum.

Um kvöldið var komið að stóru stundinni. Á sjálfa keppnina komu margir áhorfendur og var það mikill stuðningur. 5 dómara dæmdu keppnina. Ingibjörg Frimansdóttir, formaður dómnefndar, þakkaði umsjónarkennurum 7. bekkjarundirbúninginn og færði þeim páska-blóm. Þegar því var lokið voru



úrslit kynnt. Sigurvegari keppninnar varð Gígja Gylfadóttir í 7. EFS, í öðru sæti varð Harpa Lind Gylfadóttir í 7. ÁÁ og í þriðja sæti varð Arna Birgisdóttir úr 7. Skr. Allar eru þær nemendur í Grundaskóla. Þessir þrír keppendur þóttu lesa best en þeir voru einnig frábærir lesendurnir sem ekki komust í þessi efstu sæti.

Keppnin var fyrir alla mjög erfíð og stundum var maður orðinn mjög pirraður að lesa sama textann aftur og aftur. Samt er þetta

góð reynsla og kemur það sér örugglega vel seinna meir.

Við viljum í lokin hvetja alla krakka sem eru yngri en við til að taka þátt í þessari keppni með það í huga að í raun eru allir sigurvegarar.

Takk fyrir okkur

Gígja Gylfadóttir og Harpa Lind Gylfadóttir, nemendur í 7. bekk.

Lága verðið léttir lífið

VERSLUNIN EINAR ÓLAFSSON
Skagabraut 9-11 - Sími 431 2015 og 431 1015

Frá ritstjórn

Púlsinn 2004 er unninn af ritstjórn sem valin var til að annast útgáfuna. Í haust var valnámskeið í blaðaútgáfu þar sem mikill fjöldi nemenda lærði til verka. Nokkrar greinar í þessu blaði eru hreinlega verkefni af því námskeiði. En á námskeiðinu voru flestir þeir nemendur sem skipa ritstjórnina. Þegar farið var að vinna blaðið var byrjað á að velja og hafna efni í það. Flest efnið er búið að velja fyrirfram af skólastjórn. Sennilega er það hefðin sem því ræður. Um annað efni höfðum við sjálf val. Efnistökin eru svo samkomulag okkar á milli og um efnisvinnsluna höfum við ákveðna verkaskiptingu. Þetta hefur verið skemmtilegt verkefni.

Okkur langar að þakka samstarfsaðilum okkar fyrir þeirra þátt. Þar ber helst að nefna fyrirtækin sem styrkja útgáfuna, viðmælendur okkar, Kristján Mía og skólastjórn og kennarana á miðstigi og yngsta stigi og að sjálfsgöðu Prentverk Akraness, sem bæði setur blaðið upp og prentar það. Þá langar okkur að fram komi að forsiðan er unnin eftir hugmynd Ágústu Guðjónsdóttur grafísk hönnuðar, en hún vann verkið fyrir skólann þegar bæklingur um skólastarfið var gefinn út í tilefni af sýningunni Expó Akranes síðastliðið haust. Við fengum leyfi hjá Ágústu til að nota hönnun hennar í blaðinu. Hringirnir og bogalínurnar í bakgrunni textans inni í blaðinu eru jafnframt fengnar úr bæklingnum. Bæklingur þessi þótti vel heppnaður og áhugasömum er bent á að hægt er að nálgast hann í skólanum og á heimasíðu skólans, www.grundaskoli.is.

Það er innileg ósk okkar í ritstjórninni að Púlsinn 2004 verði lesendum öllum ánægjuleg lesning.



Aníta Lía Svansdóttir, Ásgerður Hlynisdóttir, Karl Hallgrímsson, Ragnheiður Smáradóttir, Róbert Þór Henn, Alexandra Ósk Sigurjónsdóttir, Edit Ómarsdóttir og Jóhanna Gísladóttir.



Verkalýðsfélag Akraness

Skoðaðu heimasíðu félagsins:

www.akranes.sgs.is

www.akranes.sgs.is

www.akranes.sgs.is

www.akranes.sgs.is

www.akranes.sgs.is

www.akranes.sgs.is



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS Á AKRANESI

Hvers vegna er Fjölbrautaskóli Vesturlands góður kostur fyrir alla sem ljúka 10. bekk?

Vegna þess að . . .

- Fjölbrautaskóli Vesturlands er góður skóli
- Þar er fjölbreytt námsframboð
- Þar eru góðir kennarar og gott starfsfólk
- Skólinn er passlega stór
- Í skólanum er góð aðstaða til félagslífs og náms
- Þar er frábært félagslíf
- Í skólanum er góður andi og persónulegur

Við bjóðum ykkur velkomin í skólann ykkar.

FJÖLBRAUTASKÓLI VESTURLANDS

Svikin um sigurlaunin!

Sunnudaginn 9. nóvember sl. fór Fatahönnunarkeppni grunnskóla fram í Kringlunni. 60 keppendur úr 8., 9. og 10. bekk voru skráðir til leiks. Sem sagt 20 keppendur úr hverjum árgangi. Þeirra á meðal var Edit Ómarsdóttir nemandi í 10. KH í Grundaskóla, sem sigraði keppnina með frumlegri og glæsilegri hugmynd sinni að pilsí úr hálsbindum.



Edit Ómarsdóttir.

Hvernig fékkstu hugmyndina að pilsí úr bindum?

Þátttakendur áttu að hanna flíkur undir yfirskriftinni „Nýta mátt, þó nóg hafir“. Ég byrjaði að hugsa um kjól sem var í laginu eins og bindi. Svo teiknaði ég upp margar útgáfur af kjólum og líka pilsum. Ég hugsaði svo bara af hverju ekki að gera bara pils úr bindum. Upp úr því fór ég bara að vinna að pilsahugmyndinni.“

Hvar fékkstu öll bindin?

„Ég fékk flest bindin hjá Arnari frænda. Pabbi gaf mér nokkur og svo gaf Guttí skólustjóri mér tvö bindi.“

Saumaðirðu pilsíð alveg sjálf?

„Já, ég gerði þetta allt sjálf. Ég fékk reyndar smáhjál frá mömmu við að byrja á saumaskapnum. Svo notaði ég gamlan topp frá vinkonu minni til að hafa módelið í við pilsíð. Það var bekkjarsystir mín, Helena Rúnarsdóttir, sem sýndi pilsíð fyrir mig.“

Hvað voru mörg bindi í pilsinu?

„Þau voru alls 21.“



Helena sýnir pilsíð í Kringlunni.

Stærðfræðikeppni grunnskólanna

Hin árlega stærðfræðikeppni grunnskólanna á Vesturlandi var haldin að venju í Fjölbautaskólanum í febrúar. Laugardaginn 13. mars var síðan verðalaunafhending. Nemendur Grundaskóla stóðu sig vel og við eigum 9 nemendur í efstu sætunum. Flott hjá ykkur krakkar og til hamingju með þennan árangur.

8. bekkur: Ragnar Þór Gunnarsson hreppti 1. sætið. Andrés Már Harðarson, Ólafur Helgi Halldórsson, Stefanía Hallgrímsdóttir og Sunna Dís Jensdóttir lentu í 4.-10. sæti.

9. bekkur: Þórður Björnsson lenti í 2. sæti og Páll Straumberg Guðsteinsson í 4.-10. sæti.

10. bekkur: Guðmundur Freyr Hallgrímsson lenti í 3. sæti og Máni Elmarsson í 4.-10. sæti.

Bjóstú við því að vinna keppnina?

„Nei, alls ekki. Það voru margar mjög góðar hugmyndir í keppninni. Ég varð rosalega hissa þegar ég heyrði úrslitin og vissi ekkert hvað ég átti að gera. En svo ýttu vinkonur mínar við mér og sögðu mér að fara upp á svið og taka við verðlaununum.“

Hver voru verðlaunin?

„Það átti að framleiða pilsíð fyrir ZikZak tiskuhús og ég átti að fá að taka þátt í Icelandic Fashion week. En umsjónarmaður þessarar keppni hefur ekkert látið í sér heyra og það er ekki hægt að ná í hann því hann er hvorki með skráð heimilisfang né síma!

Skoðanakönnunin

Að venju var gerð skoðanakönnun meðal nemenda unglingadeildar. Hér birtast niðurstöðurnar.

Íþróttagarpurinn

Það kemur engum á óvart að sjálfur fótboltaáætturinn og sjarmörinn Arnór Smárásson lenti í 1. sæti sem íþróttagarpurinn á þessu ári. Þeir sem höfnuðu í 2. sæti voru tveir að þessu sinni þeir Björn Jónsson og sundkappinn Hinrik Þór. Í 3. sæti lenti Aron Ýmir.



Hrakfallabálgurinn

Það er ekki gaman að vera hrakfallabálgur en Jón Birkir verður að setta sig við að samnemendur hans hafa valið hann hrakfallabálg skólans. Hann sigraði með yfirburðum og segja má að hann hafi komið, séð, sigrað og slasast. Í 2. sæti var Aron Þór og í 3. sæti Freyja Þöll.



Sykurpúðinn

Úff... Óli Dór átti svo sannarlega skilið að vinna þennan titil. Hér er á ferð draumaprins sérhvarrar stúlku. Ljósabekkurinn sjálfur, Aron Dan, er í 2. sæti og í því þriðja söngfuglinn og krúsíduállan Arnþór Kristinsson.

Flippaðasti kennarinn

Það kemur engum á óvart að þessi sérstaki maður skuli hafa orðið fyrir valinu sem flippaðasti kennarinn. Við erum að tala um engan annan en Einar Viðarsson. Gunnar Sturla var ekki langt á



eftir honum og í þriðja sætinu var nýliðinn Sjonni.

Fjörkálfurinn

Eydís Smáradóttir er svo sannarlega fjörkálfur í húð og hár. Hún lenti í 1. sæti. Í 2. sæti voru tveir stórskemmtilegir drengir sem heita Aron Dan og Leó. Í 3. sæti varð Jóhanna Gísla.



Best klædda stelpan

Fríða Ásgeirsdóttir er best klædda stelpan þetta árið og á hún svo sannarlega þann titil skilinn. Fast á hæla hennar komu skvísur og bekkjar-systurnar Dagný Jónsdóttir og Alexandra Ósk Sigurjónsdóttir.



Best klæddi strákurinn

Björn Jónsson, sem er ávallt vel til fara, lenti í 1. sæti þetta árið. Í 2. sæti varð Þór Birgisson, og í því 3. Andri Már Marteinson súkkulaði.



Kroppurinn

Hinrik Þór er enginn venjulegur strákur. Hann æfir sund af miklum krafti og var því enginn vafi á því að hann yrði fyrir valinu þetta árið. Fótboltaáætturinn Kári Víkingur lenti í 2. sæti og enginn annar en sætilíusinn Trausti Tryggvason lenti í því þriðja.



Gelgjan

Það kom ekki mörgum á óvart að Valgeir Valdi Valgeirsson yrði að valinu að þessu sinni. Á hæla hans komu Maren Helga og hin siglaða Erla Dröfn.



Súkkulaðið

Sjálfur FM hnakkinn og geltúpan, Andri Már, varð fyrir valinu þetta árið og erum við að tala um alveg stærsta Snickers stykki í heimi! Björn Jónsson og ljósabekkurinn, Aron Dan, lentu í 2. sæti og í því 3. varð bakaradrengrinn Reynir Karl.

Tölvunördinn

Counter-strike spilarar einoka verðlaunasætin í þessum flokki. Í 1. sæti varð Stebbi Valintínusar í 9. LK. Í 2. sæti lenti sjálfur kroppurinn, Trausti Tryggvason, og í því 3. varð Ívar Haukur Sævarsson, gítarleikari með meiru.



Háværasta týpan

Eydís Smáradóttir spilar stórt hlutverk í niðurstöðum þessarar könnunar. Hún er háværasta týpan, en það er samt alltaf gaman að hafa Eydísi nálægt því að hún kemur öllum alltaf í gott skap. Aron Ýmir lenti í 2. sæti og í því 3. urðu hávaðaseggirnir Aron Dan og Freyja Þöll sem er einmitt frænka Eydísar.

Flottasta stelpan

Fríða Ásgeirsdóttir vann með yfirburðum þetta árið, sem er ekki mikið „surprise“ því hún er mjög fríð stelpan. Í 2. sæti varð KEA-skyr stúlkan Eva Eiríksdóttir og í 3. sæti varð Alexandra Ósk.

Flottasti strákurinn

Þór Birgirsson tók við af Fylki bróður sínum sem þótti flottastur í fyrra. Í 2. sæti vorufótbolta-kappinn Ísleifur og sundgæinn Hinrik Þór og í því þriðja Björn Jónsson.



Parið

Dúllurnar Óli Dór og Harpa Jónsdóttir unnu með yfirburðum



sem þar skólans. Í 2. sæti urðu turtildúfurnar Arnar Jónsson og Jóhanna Gísladóttir og í því þriðja Ragnar og Sunna. Greinilega mikil rómantík í 8. bekk!

Söngfuglinn

Söngfuglinn ógurlegi, Ylfa Flosadóttir, sópaði að sér atkvæðum þetta árið og ekki kom það mörgum á óvart því hún syngur eins og engill. Prógram-gæinn Arnþór Kristinsson varð annar og í 3. sæti urðu Eydis ofurglaða og Óli Dór sykurlúði.

Brosið

Hin síbrosandi Erla Dröfn hafnaði í 1. sæti og í 2. sæti varð KEA-skyr stúlkan sjálf, Eva Eiríks, og því 3. varð Arnþór.

Sjálfstraustið

Sá sem trúir mest á sig þetta árið er Elis Veigar Ingibergsson og í 2. sæti varð Þór Birgirsson sem hefur sópað að sér verðlaunum. Í 3. sæti varð Eva formaður Eiríksdóttir.



Hinrik Þór til Grikklands

Þann 24. - 28. mars sl. var hópur íslenskra grunnskólánemenda sendur á vegum ÍSÍ til Grikklands, þar sem þeir voru viðstaddir þegar Ólympíueldurinn var tendraður. Til ferðarinnar valdist íþróttafólk og með í för var Hinrik Þór Guðbjartsson, sundmaður í 1A og nemandi í 10. bekk í Grundaskóla.

Brandari

Einu sinni voru tvær kindur og önnur sagði meee, hin kindin sagði „ég ætlaði einmitt að fara að segja það”.

Sara Ýr 2.CBR

Álfur

Ég er góður álfur, hjálpsamur og sterkur.

Ég er skrytinn og kjánalegur. En samt er ég bestur.

Steinþór Brekkmann

Liggur þér eitthvað á hjarta?

Opinn trúnaðarsími er 800 6464



Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdæld
www.vinalinan.is

Opíð alla daga
frá kl. 20.00 - 23.00



VINALÍNAN

Ingibjörg kveður Grundaskóla

Ívor lætur af störfum hér við Grundaskóla, Ingibjörg Þorkelsdóttir heimilisfræðikennari.

Ingibjörg lauk námi frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands árið 1960. Að loknu námi (1960-1963) var hún við kennslu við Húsmæðraskólann á Ísafirði og að Laugum í Eyjafirði. Ingibjörg flutti aftur heim á Akranes árið 1963 og hóf þá heimilisfræðikennslu við Gagnfræðaskólann og síðar við Fjölbrotarskólann þar til hún ákvað að breyta til og kenna í Grundaskóla. Hún hefur starfað í Grundaskóla samfelld frá haustinu 1983 að einu ári undanskyldu (1990-1991) er hún fékk

námsleyfi og fór í framhaldsnám til Noregs.

Um leið og við óskum Ingibjörgu velfarnaðar um ókomin ár

viljum við, starfsfólk og nemendur í Grundaskóla, þakka henni fyrir frábæra kennslu og ánægjulegt samstarf á liðnum árum.



Ingibjörg og Freyr í 9. SR





Kannanir meðal nemenda og foreldra

Mikil ánægja með Grundaskóla

Það er orðinn fastur hluti af sjálfsmati skólans að leggja fyrir alls kyns kannanir til að fá fram viðhorf foreldra og nemenda til skólastarfsins. Þá eru ótal greiningar og próf lögð fyrir til að reyna að meta getu nemenda og hæfileika, með það að markmiði að koma betur til móts við þarfir hvers og eins. Þannig eru mál- og hreyfiproskapróf lögð fyrir í fyrsta bekk. Lestrarpróf og greiningar í stafsetningu eru lögð fyrir á mörgum aldurstigum auk þess sem niðurstöður samræmdra prófa eru skoðaðar vel.

Í ár lögðum við spurningalista úr Grunn-skólarýni fyrir foreldra 5. og 10. bekkinga og nemendur í 4., 5., 7. og 10. bekk.

Niðurstaðan er að krakkarnir virðast almennt mjög jákvæðir í garð skólans, þeim líður vel og telja að þeim sé vel sinnt. Þeir eru metnaðarfullir og vilja ná sem bestum árangri í skólanum. Þannig telja u.þ.b. 95% nemenda skólann sinn frábæran eða góðan og sama hlutfall er ánægt með umsjonar-



kennarann og telja samskipti nemenda og kennara góð. Yfir 90% nemenda líður venjulega eða alltaf vel í skóla að sögn bæði krakkanna og foreldranna. Þá er einelti lítið að mati krakkanna, en hver og einn nemandi sem lagður er í einelti er einum of mikið, svo við verðum að vera vel á verði og gera enn betur til að hindra alls kyns einelti. Sömuleiðis eru of margir

nemendur sem telja vinnufrið ekki nægan og þarf að bæta úr því.

Ánægjulegt er að sjá að allir foreldrar telja sig alltaf eða venjulega velkomna í skólanum.

Ýmislegt annað fróðlegt kemur fram í könnununum og er bent á að gögn liggja frammi í skólanum og að auki eru helstu niðurstöður kynntar á heimasíðu skólans. Öll þessi gögn verða síðan hluti af árlegri sjálfsmatsskýrslu skólans.

Hvað kostar skólastarfið?

Hver er árangurinn?

Grundaskóli hefur tekið frumkvæði að samstarfi 6 skóla, þar sem hugmyndin er að þróa og nýta samanburðargreiningu (benchmarking) til að bera saman árangur skólanna af skólastarfinu annars vegar og rekstrarkostnað hins vegar. Markmiðið er að skólarnir geti nýtt þennan samanburð til að sækja hugmyndir og reynslu sem gæti eflt starf og árangur viðkomandi skóla.

Hugmyndin er að skólarnir taki frumkvæði að skilgreiningum á hvað skuli borið saman og metið í skólastarfi og horft þar til árangurs nemenda í prófum en ekki síður

til mælinga á viðhorfum til skólans, bæði nemenda og foreldra, mælinga á einelti og fleiri þátta sem tengjast líðan í skóla. Þá er ætlunin að skilgreina færslur í bókhaldi þannig að auðveldara verði að fylgjast með raunverulegum kostnaði og skiptingu hans á milli lögboðinna þátta s.s. kennslukostnaðar og þjónustupátta þar sem foreldrar greiða hluta kostnaðar s.s. í skóladagvist, mötuneyti og í sumum tilfellum heimanám.

Öll þessi samanburðargreining verður síðan hluti af sjálfsmatsskerfi skólans.

Báðir grunnskólarnir á Skaga taka þátt í verkefninu.





Þjónusta um allt land

Öflug háprýstitæki 2500 bar

Stærsti og fullkonnasti sandblástursklefi á landinu

Sérhæfum okkur í háprýstihreinsun, sandblæstri og málun fyrir tanka, skip og bíla



*Sandblástur Sigurjóns ehf.
Höfðaseli 1 Akranes
Símar: 431-3990, 894 5778 Netfang sand@aknet.is*

Bíómynd frumsýnd í Bíóhöllinni



Gerð af nemendum í 8. bekk Grundaskóla

Í mars var bíómyndin *Prógram* frumsýnd fyrir fullu húsi í Bíóhöll Akraness. Hvað er svona merkilegt við það? Jú, hún var að öllu leyti verk nemenda og kennara 8. bekkja í Grundaskóla á Akranesi. Myndin fjallar um unglunga í ónefndum skóla á Íslandi þar sem mikil átök eru á milli mismunandi nemendahópa. Inn í málið blandast árleg hæfileikakeppni og að sjálfsgöðu kemur ástin aðeins við sögu.

Verkefni þetta er þróunarverkefni sem miðar að því að tengja tónlist við sem flestar aðrar námsgreinar í skólanum.

Þetta hófst allt með smásagnasamkeppni þar sem allir nemendur í 8. bekk skrifuðu sögur. Ein þeirra var valin til að verða grunnur að

kvikmyndahandriti. Þrír nemendur unnu áfram að því að búa til handrit sem var fínþússað af kennurum. Á meðan á þessu stóð voru svokallaðir valtimar notaðir í leikræna tjáningu, dans, söng og til að semja tónlist á tölvur. Þegar handritið var tilbúið var valið í hlutverk og æfingar og tölur hófust. Mestur hluti bíómyndarinnar var tekinn á einni viku. Kennarar kláruðu að klippa myndina.

Frumskýningin tókst vel og fleiri sýningar urðu því að vera á myndinni. Í framhaldinu unnu nemendur ýmis aukaverkefni tengd öðrum námsgreinum eins og að búa til kynningartexta á öðrum tungumálum o.s.frv.



Árshátíð Arnardals og grunnskólanna



VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA
AKRANESS EHF.



FRÁBÆR tilboð

Veldu
tvo vini
innan farsímakerfis Síman
sem þú vilt hringja í og senda SMS
með **50%** afslætti

Skráðu þig á siminn.is eða í 800 7000

Flottur sími fyrir þig.

Léttkaupsútborgun

980

og 1.000 kr. á mán.
í 12 mán.

Nokia 3510i

Verð aðeins: 12.980 kr.

- MMS.
 - GPRS.
 - WAP.
 - 106 gr.
 - Pólýtónar o.fl.
 - Raddmerki fyrir allt að 10 nöfn.
- Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.



Flottur sími með mynda-
vél á frábæru verði.

Léttkaupsútborgun

1.980

og 1.500 kr. á mán.
í 12 mán.

Nokia 3200

Verð aðeins: 19.980 kr.

- Litaskjár.
 - innbyggð myndavél.
 - MMS.
 - GPRS.
 - WAP.
 - 106 gr.
 - Pólýtónar o.fl.
 - Raddmerki fyrir allt að 10 nöfn.
- Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.



Skemmtilegur sími með
fullt af möguleikum.

Léttkaupsútborgun

980

og 1.000 kr. á mán.
í 12 mán.

SonyEricsson T230
með myndavél

Verð aðeins: 12.980 kr.

- Litaskjár, 101x80 px.
 - MMS.
 - Myndavél.
 - GPRS.
 - WAP.
 - Leikir.
 - Titrari.
 - Hraðval, reiknivél, vekjaralukka.
 - Pólýtónar.
- Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.



Svipmyndir frá árshátíð



Hæfileikakeppnin 2003

Að vanda var haldin hæfileika- og hátónsbarkakeppni á vegum grunnskólanna á Akranesi. Keppnin var haldin í Grundaskóla og var glæsilegri en nokkru sinni fyrir. Eftir keppnina var svo ball fyrir nemendur unglingsálda grunnskólanna.

Ylfa Flosadóttir sem vann hátónsbarkann í fyrra opnaði keppnina á því að syngja lagið Smells like teen spirit með Nirvana og spilaði sjálf með hljómsveitinni á rafmagnsgítar - tók sóló og allt!



Ylfa Flosadóttir.

Þar á eftir sungu 6 hátónsbarkar. Raket Pálsdóttir í 10. bekk í Brekkubæjarskóla bar sigur úr bitum með lagi eftir Celine Dion. Eins og allir vita vann hún líka Söngkeppni Samfés, en það er söngkeppni þar sem flest allar félagsmiðstöðvar á landinu senda fulltrúa sinn í. Við munum án efa heyra meira í henni í framtíðinni. Eftir hátónsbarkann stigu á svið nokkrar hljómsveitir sem voru hver annarri betri. Hljómsveitin Après De Main var hlutskörpust þar, en hún samanstendur af fótboltahetjum í 8. bekk Grundaskóla. Þeir fluttu lagið Rangur maður.



Aprés De Main.



Skýjaskutlurnar.

Einnig vakti hljómsveitin Syna mikla athygli með frumsamiðlag sitt, Vottar Jehóva. Meðlimir hennar eru í 9. bekk í Brekkubæjarskóla.

Atriðin í Hæfileikakeppninni voru fjölbreytt, en þar mátti sjá rappað, spilað á hljóðfæri, dansað og sungið. Ylfa Flosadóttir í 9. bekk Grundaskóla spilaði á gítar við lagið But I do love you með LeAnn Rimes og vann keppnina með því atriði. Megum við búast við miklu af þeirri hnátu á næstu árum. Ætli næsta Idol- stjarna okkar Íslendinga sé hér á ferð?!

Námskeið fyrir foreldra

1. bekkjar nemenda

Árlega býður Grundaskóli foreldrum 1. bekkjar nemenda að taka þátt í stuttri kynningu á skólastarfinu. Þessi námskeið koma til viðbótar vorfundum með foreldrum, verkefniinu Brúum bilið, sem eru gagnkvæmar heimsóknir krakkanna á milli leikskóla og skólans auk svokallaðra skólastjóraheimsóknna, þar sem skólastjóri kynnir væntanlegum nemendum skólann. Þá er vorskóli fyrir sömu krakka í lok apríl eða í maí ár hvert. Allt er þetta til að undirbúa skólastarfið sem best og því mjög áriðandi að foreldrar fylgist vel með og taki virkan þátt í þessu starfi.

Foreldranámskeiðinu er einkum ætlað að gefa foreldrum tækifæri á að kynnst innbyrðis og að kynnst umsjónarkennurum barnanna og skólanum. Foreldrar eiga flestir eftir að eiga samstarf alla 10 ára skólaskyldu barnsins. Þá er lögð áhersla á að foreldrar þekki vel viðfangsefni, kröfur og reglur skólans og þá sérkennslu og stoðþjónustu sem skólinn býður upp á.

Þessi námskeið hafa mælst vel fyrir og stefnt er að sambærilegum námskeiðum fyrir foreldra í 5. bekk og 8. bekk, þegar nemendur fara á milli deilda í skólanum.

Ávaxtahlaðborð

Krakkarnir í 3. SÓ, 3. ÁHF og 4.EBD hafa ákveðið að hafa ávaxtadag einu sinni í viku. Þá koma allir krakkarnir í bekkjunum með 2 ávexti í skólann. Þeir safna þeim svo saman og umsjónarmennirnir koma inn úr frímínútum til að skera ávextina, raða þeim í skálar og stilla þeim upp á ávaxtahlaðborð. Þegar bekkjarfélagarnir kom inn úr frímínútum bíða þeirra ávextir af

hlaðborðinu sem er ansi hreint girnilegt á að líta.

Krakkarnir hafa komið með allskonar ávexti. Bæði uppáhaldsávöxtinn sinn og líka þá sem þeir eru ekki vanir að borða daglega eins og t.d. greipávöxt. Þetta hefur skapað skemmtilega umræðu um hvaða ávextir séu góðir og fallegir á svona hlaðborði. Svo vita náttúrulega allir hvað það er hollt að borða mikið af þeim.



Hér sjáum við 3.SÓ standa saman við ávaxtahlaðborð sitt.

Foreldraverðlaun
Heimilis og skóla:

Frelsi tilnefnt

Heimili og skóli tilnefndu þá Flosa Einarsson og Gunnar Sturlu Hervarsson, fyrir söngleikinn Frelsi, til Foreldraverðlauna samtakanna árið 2004.

Foreldraverðlaunin hafa verið veitt síðan 1996 og er aðalmarkmiðið með veitingu þeirra að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er á fjölmörgum sviðum í grunnskólum landsins. Við veitingu verðlaunanna var sérstaklega litið til verkefna sem hafa eft samstarf foreldra og skólastarfsmanna og komið á uppbyggjandi hefðum í samstarfi þessara aðila. Einnig var litið til verkefna sem hafa eft tengsl heimila, skóla og æskulýðsstarfs í gegnum forvarnarstarf eða hafa stuðlað að samræmdu átaki við lausn á vandamálum innan viðkomandi skólasamfélags.

Sérstaklega skipuð dómnefnd valdi eitt verkefni til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla en auk þeirra eru veitt sérstök hvatningarverðlaun til verkefna sem dómnefnd telur að muni skila árangri til framtíðar. Að þessu sinni voru einnig veitt í fyrsta sinn verðlaun sem kallast Dugnaður og drifkraftur. Þau voru veitt einstaklingum sem dómnefnd taldi hafa með dugnaði sínum og drifkrafti unnið sérstaklega gott starf í þágu skólasamfélagsins.

Alls bárust 37 tilnefningar til Foreldraverðlauna að þessu sinni.

Gamlir formenn

Púlsinn tók viðtal við Karítas Gissurardóttur, formann Nemendaráðs skólaársins 2002-2003 og Heimi Fannar Gunnlaugsson, formann 1987-1988.

Karítas

Karítas Gissurardóttir er hún á fyrsta ári í Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi. Hún er á félagsfræðibraut og lærir alveg á fullu en í fríum vinnur hún í Norðanfiski.

Hvernig er að vera loksins komin í FVA?

Það er klikkað!



Karítas og Bjarki Jens á góðri stund.

Að hvaða leyti er öðruvísi að vera í FVA og að vera í Grundaskóla?

Maður er allt í einu orðin svo lítill. Í fyrra var maður elstur, en núna er maður yngstur.

Veistu hvað er búíð að vera að gerast í Grundaskóla í ár?

Nei, ekki get ég sagt það. Ég veit þó að það er búíð að breyta Gryfjunni.

Af hverju datt þér í hug á sínum tíma að bjóða þig fram til formanns?

Mér fannst svo gaman að vera í Nemendaráði, en ég var fulltrúi bekkjarins í 8. og 9. bekk.

Hvað finnst þér um það að Akranesbær sé farinn að bjóða 17 ára krökkum vinnu hjá bænum?

Bara fint. Samt svolítið fúlt fyrir 8. bekkinga að fá enga vinnu. En ég fæ engu ráðið um það. Sjálf verð ég að vinna í Norðanfiski.

Saknar þú Grundaskóla?

Já, ég sakna gamla bekkjarins og allra krakkanna.

Baudst þú þig fram í kosningunum hjá FVA?

Nei.

Ertu hlynnt ríkisstjórninni?

Ég veit ekki hvað ríkisstjórn gerir.

Heimir Fannar

Heimir Fannar Gunnlaugsson var fyrsti formaður Nemendaráðs skólans. Við fengum að spyrja hann nokkurra spurninga um skólavist hans í Grundaskóla og hvað hann hefur verið að bralla síðan hann útskrifaðist árið 1988.

Manstu hvers vegna sú hugmynd kom upp að hafa nemendaráð í skólanum?

Ég held að vísir að þessu hafi verið kominn fram fyrir mína tíð í Grundaskóla, en ég var í Brekkubæjarskóla til og með sjötta bekk. Minn árgangur var aftur á móti fyrsti árgangurinn sem útskrifaðist úr Grundaskóla þannig að við ruddum brautina á margan hátt.

Af hverju ákvaðst þú að bjóða þig fram sem formann?

Ég bauð mig nú ekki fram. Það var þannig í þá daga að það voru allir í kjöri og hver kaus þann sem honum fannst verðskulda embættið og sá nemandi sem var með flest atkvæði vann. Ég vann sem sagt þessa kosningu.

Hvað ert þú búinn að vera að bralla síðan þú útskrifaðist úr Grundaskóla?

Ég fór í FVA og útskrifaðist af náttúrufræðibraut. Ég var mikið inni í félagsmálum þar eins og í grunnskóla því ég var í stjórn nemendafélagsins í FVA og tók mikinn þátt í félagsstörfum. Svo fór ég út til Svíþjóðar að læra tölvunarfræði og hef starfað í þeim geira í nokkur ár. Í dag er ég deildarstjóri á hugbúnaðarlausnasviði hjá Nýherja.

Jæja, svo þú ert bara stórkarl í tölvubransanum! Er þetta eins og í sjónvarpinu? Allir á kafi í vinnu og alltaf á fundum?

Hehe, já það eru margir fundir og þetta er mikil vinna, en það er nú fulldjúpt í árina tekið að segja að ég sé stórkarl í tölvubransanum. Ég veit nú ekki hvort þetta er mikið meiri vinna en gengur gerist með önnur störf. En það er gaman í vinnunni og ég er mikið að vinna með fólki en ekki bara tölvum.



**rafþjónusta
sigurdórs ehf**

SKAGABRAUT 6 – 300 AKRANES
SÍMI 431 1902 & 431 2156

ALHLIÐA RAFVERKTAKAR

Netfang: rafsigurdors@simnet.is

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera nú á dögum?

Að sinna fjölskyldunni. Ég á tvö börn: Árni Salvar er nýorðinn eins árs og Aldís Ylfa er í 2. bekk í Grundaskóla.

Ferðast þú mikið til annarra landa vegna vinnunnar?

Já, mjög mikið.

Nú býrð þú ennþá á Akranesi, þótt vinnunnar vegna væri örugglega betra fyrir þig að búa annars staðar. Af hverju Akranes?

Af því að ég á fjölskyldu hér á Akranesi. Flestir vinir mínir og ættingjar búa líka hérna. Svo eru rætur mínar hér og uppruni. Svo er nú líka bara langbest að búa á Akranesi!

Aldís Ylfa, dóttir þín er í Grundaskóla og þú fylgist með skólagöngu hennar. Heldurðu að kennslan sé öðruvísi núna heldur en þegar þú varst í skólanum?

Já. Skólastarfið er að því mér finnst mun skipulagðara en það var þegar ég var í skóla. Allt samfélagið hefur líka breyst í þessa átt, einsetinn skóli og svo framvegis. Sem faðir veit ég ávallt hvað dóttir mín er að gera í skólanum gegnum samskipti við kennara. Menntunarsstig kennara er líka hærra og það finnst mér haldast í hendur við auknar kröfur sem gerðar eru til skólanna. Svo held ég að við gerum líka bara meiri kröfur til barnanna í dag en gerðar voru áður.

Skólinn stækkar og dafnar. Hann er einsetinn og langbráð mótuneyti er byrjað að starfa. Finnst þér þessi þjónusta skólans hafa skipt sköpum fyrir skólagöngu barns þíns?

Já, einsetning skólans hefur skipt miklu máli.

Svona að lokum, getur þú rifjað upp eitthvað atvik sem gerðist þegar þú varst í skólanum?

Sko, ég var ekki nema 2 ár í Grundaskóla, en ég var í Brekkubæjaskóla öll hin skólaárin. Það sem mér finnst svona minnisstæðast er árgangurinn minn. Hann var rosalega skemmtilegur, en hann var fyrsti árgangurinn í Grundaskóla. Það sem einkenndi þennan árgang var að við vorum alltaf



Sigurlið körfuboltamóts í Grundaskóla 1987. Efri röð f.v.: Jóhannes Helgason, Heimir Fannar, Pétur Atli Lárusson, Helgi Ólafur Jakobsson. Fremri röð f.v.: Bjarki Lúðvíksson, Jón Þór Þórðarson og Einar Árni Pálsson.

að finna upp hlutina og búa til hefðir fyrir þá nemendur sem á eftir komu. Við fórum í ferðir, t.d. útskriftarferð í Þórsmörk og fleira. En eins og ég segi, það er ekkert

svona eitt atvik sem stendur upp úr fyrir mér heldur frekar árin í Grundaskóla.

Rafheimar heimsóttir

„Rafmagnaðar sítrónur og fljótandi gufa“

Þann 10. mars sl. fórum við í 7. bekk í Grundaskóla í heimsókn í Rafheima Orkuveitu Reykjavíkur. Þegar við komum í Rafheima tók á móti okkur skemmtilegur karl sem leit helst út eins og jólasveinn. Allavega með frekar mikið grátt skegg. Samt, alveg í lagi með hann og var hann mjög skemmtilegur.

Fyrst sáum við myndband um Rafheima og rafmagn, ekkert sérstaklega gaman samt. Næst fórum við í einhvern sal og sáum Power point show um rafmagn og rafmagnaða vísindasnillinga. Svo vann hinn góðkunnari kennari Elís Þór það mikla afrek að hjóla á einhverju hjóli sem framleiddi

rafmagn, tók það töluvert á hjá honum. Það kraftaverk gerðist að honum tókst að framleiða næga orku til þess að það kviknaði á perunum.

Strákarnir fóru á safn á efri hæðinni á meðan stelpurnar reyndu rafmagnaðar tilraunir með rafmagnaðar sítrónur og fljótandi gufu, handstýrða með ryksugu. Síðan var skipt. Stelpurnar fóru upp og strákarnir niður. Uppi var samansafn af allskonar gömlum rafmagnstækjum. Sumt tengdist nú ekki einu sinni rafmagn, jú nema til að framleið það. Hafið þið séð rafmögnuð stígvél, eða skóflu iðandi af rafmagnslífi?

Ingibjörg Huld Gísladóttir

Endurbætur á Gryfjunni

Frá því Gryfjan var tekin í notkun hefur hún verið stór þáttur af lífinu í Grundaskóla. Hún er og hefur verið einn helsti samkomustaður unglinga gegnum árin. Bæði böll og fyrirlestrar, sam-söngvar og kennslustundir hafa

heimsækja unglingsdeildina til að nota aðstöðuna í Gryfjunni.

Fyrsta skref þessarar miklu framkvæmdar var að gera könnun meðal nemenda á unglingsastiginu. Hvað vildu þeir hafa í Gryfjunni og hvernig vildu þeir að hún liti

endur, bæði fyrir framkvæmdir, á meðan á framkvæðum stóð og eftir þær. Hér í Púlsinum birtum við tvö þeirra.



Sigurður Arnar ræðir við nemendur í 10. bekk í Gryfjunni.

farið fram þar. Á þessu skólaári eru tímamót í sögu Gryfjunnar. Í nokkur ár hefur staðið til að breyta útliti hennar og kaupa nýjar græjur í diskabúrið. Nú var látið af því verða og í haust byrjuðu þar stórfamkvæmdir. Gryfjunni var breytt úr stofnanalegri kompu í nútímalegan og notalegan stað þar sem unglingarnir geta bæði slappað af og horft á myndbönd, DVD og allskyns efni úr tölvum, hlustað á tónlist og margt fleira. Aðstaðan kemur öðrum nemendum að sjálf-sögðu að gagni líka og hafa yngri bekkirnir gert þó nokkuð af því

út?

Niðurstöðurnar voru misjafnar, en langflestum leyst bara þokkalega vel á að ráðast í framkvæmdina og í niðurstöðunum komu góðar hugmyndir um það hvernig hægt væri að breyta Gryfjunni og nýta hana. Tillögurnar voru misgóðar. Flestir voru sammála um að það ætti að mála hana upp á nýtt. En svo voru margir á því að það ætti að setja upp skjávarpa. Pullur á gólfið var líka ein hugmyndin. Þessar hugmyndir komust til framkvæmda.

En svo voru ýmsar aðrar tillögur sem erfitt hefði verið að láta verða að veruleika. Meðal annars hugmynd um að setja upp kóksjálfsala (In your dreams!). Og svo vildu sumir fá LAN-setur (ekki einu sinni reyna það!).

Framkvæmdirnar gengu mjög vel. Ný Gryfja var tekin í notkun og eftir því sem best er vitað eru allir hæstánægðir með hana.

Við krakkarnir í blaðaútgáfuvalinu tókum viðtal við nokkra nem-

Hvað segja nemendur?

Arnar 9. LK

Hvað finnst þér um breytingarnar í Gryfjunni?

„Svona allt í lagi. Brauðsalan ætti samt ekki að vera þarna inni!“

Finnst þér að kennarar mættu koma inn í Gryfjuna?

„Nohóids! Alls ekki.“

Hvernig lýst þér á sjónvarpið og grjónapungana?

„Mér finnst það hvort tveggja algjör snilld.“

Nú veistu hvað á að koma inn í Gryfjuna og veist svona nokkurn veginn hvernig hún verður, finnst þér eitthvað vanta?

„Það ætti að koma kóksjálfsali þarna inn! Deffinettly!“

Aníta 9. LK

Hvað finnst þér um breytingarnar sem búið er að gera á Gryfjunni?

„Mér finnst þær alveg glæsilegar.“

Finnst þér mega bæta einhverju við það sem komið er?

„Það er alltaf hægt að bæta og breyta. En mér finnst hún flott eins og hún er orðin núna.“

Hvernig finnst þér Nemendaráðið hafa staðið sig í þessari framkvæmd?

„Bara nokkuð vel! Æi.. ég sit í Nemendaráði svo ég er kannski ekki rétta manneskjan til að spyrja þessarar spurningar. En eitt get ég alla vega sagt: Það er í það minnsta frábært að Nemendaráðinu hafi loksins tekist að framkvæma þetta verk. Þetta hefur staðið til í mörg ár.“



Mötuneytið

Mötuneyti Grundaskóla sem var komið upp sumarið 2003 hefur vakið mikla lukku hjá flestum nemendum skólans. Matstaður krakkanna er nú á þeim stað sem brauðsala 10. bekkjar hefur verið undanfarin ár.

Í mötuneytinu ráða þær Systa og Alla ríkjum, auk þess sem Rut var með þeim í upphafi. Þessar frábæru matráðskonur sjá um að elda mat ofan í krakkana. Að matartíma loknum koma síðan alltaf sömu skólaliðarnir og þrifa borðin sem krakkarnir borða við.

Eitt valnámskeiðið á haustönninni var blaðaútgáfa. Í því námskeiði sátu margir nemendur og þeir lærðu ýmislegt um ritun og meðferð texta, uppsetningu, um myndir og myndatöku og margt fleira. Í lokaverkefni námskeiðsins átti að fjalla um skólann á einhvern hátt. Margir kusu að skrifa um Gryfjuna eða nýtt mötuneyti skólans. Ritnefnd Púlsins hefur unnið þessa umfjöllun úr þessum verkefnum nemenda í blaðaútgáfuvali.



Lúðvík Helgason, húsvörður, og matráðskonurnar Sigríður Sigurðardóttir, Rut Hjartardóttir og Aðalbjörg Alfreðsdóttir.

Hvað segja nemendur?

Trausti Geir Jónasson.

Ert þú í mat í mötuneytinu?
Já, ég borða þar þrisvar í viku.

Hvað finnst þér um mötuneytið og starfsemi þess?

Mér finnst frábært að starfsmenn hafi komið upp mötuneyti og mér finnst maturinn mjög góður.

Eru margir í þínum bekk í mat?

Já, það eru flestir í bekknum mínum í mat.



Matseðill einnar viku októbermánaðar

Mánudagur

Súpa, brauð m/osti og ávöxtur

Þriðjudagur

Fiskréttur m/hrisgrjónum
og hrásalat

Miðvikudagur

Lasagne og hrásalat og brauð

Fimmtudagur

Fiskbollur í brúnni sósu,
kartöflur og hrásalat

Föstudagur

Íslensk kjötsúpa m/tilheyrandi

Að meðaltali eru 250 krakkar á dag í mat. Krakkarnir eru á öllum aldri en flestir eru úr yngstu bekkjunum. Borðin í matsalnum eru átta fyrir 1. - 7. bekk en aðeins eitt fyrir unglíngadeildina, það eru 15 stólar við borð yngri krakkanna en 25 við unglíngadeildarborðið. Ef stóra borðið er fullt geta unglíngarnir setið hjá litlu krökkunum.

Matartíminn hefst alltaf kl. 11:40 og er alveg til kl. 13.00. Hver máltíð kostar litlar 200 krónur og telst það mjög ódýrt miðað við hvað það kostaði ef maður eldaði heima.

Sigurður Arnar Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri:

Skólastarf Grunda- skóla 2003 - 2004

Grundaskóli var settur þriðjudaginn 26. ágúst 2003. 460 frískir nemendur mættu þá í skólann eftir ánægjulegt sumarleyfi og skiptust þeir í 23 bekkjardeildir í 1. til 10. bekk.

Starfsmenn Grundaskóla eru samtals 72 í misstórum stöðugildum. Kennararnir eru 43 auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, aðrir starfsmenn eru 27.

Hrönn Ríkhardsdóttir og Ásta Egilsdóttir fóru í námsleyfi á skólaárinu en Leó Jóhannesson og Elísabet Jóhannesdóttir fóru í launalaus leyfi og kenndu við aðra skóla. Þá voru starfsmenn duglegir að stunda endur- og símenntun og sóttu fjölda námskeiða.

Skólastarf hefur að venju verið öflugt og hvert stórverkefnið rekið annað. Of langt mál yrðu að rekja allt það sem unnið hefur verið á skólaárinu og því látið nægja að geta nokkurra atriða.

Þann 22. mars frumsýndu nemendur í 8. bekk kvikmyndina Prógram.

Í febrúar kom þekktur breskur kvikmyndaleikstjóri í heimsókn í Grundaskóla. Tim Royes heitir kappinn en hann kom í heimsókn ásamt Skagakonunni Svönu Gísladóttur. Heimsóknin tengdist þróunarvinnu skólans í samþættingu myndvinnslu, tölvutækni og tónlistar. Tim var með nemendum í eina viku og vann m.a. að gerð þriggja tónlistarmyndbanda með nemendum og kenndi kennurum ýmislegt tengt myndvinnslu og kvikmyndagerð. Gagnkvæmur áhugi er á að halda þessu samstarfi áfram og er ekki útilokað að nemendur og kennarar taki þátt í einhverju stórverkefni á erlendri grundu í framtíðinni en Tim og Svana vinna fyrir allar helstu stórhljómsveitir Evrópu við gerð tónlistarmyndbanda.


Í febrúar tóku 33 nemendur úr Grundaskóla þátt í stærðfræðikeppni Fjölbrotaskóla Vesturlands. Árangur var mjög góður en alls voru níu nemendur skólans á meðal tíu efstu í 8. - 10. bekk í keppninni.



Stóra upplestrarkeppnin var í febrúar þar sem nemendur 7. bekkjar fóru á kostum og sigruðu með miklum glæsibrag. Allir nemendurnir stóðu sig vel og voru sér og sínum skóla til mikils sóma.

Í vetur hafa nemendur á unglingastigi haldið bæði enska og danska daga. Þá daga fór öll kennsla fram á viðkomandi tungumáli og nemendur unnu í blönduðum hópum að sérstökum verkefnum. Tungumáladagarnir þóttu heppnast svo vel að fullvíst er talið að framhald verði á þessari vinnu næsta vetur.

Í mars var árshátíð Grundaskóla haldin að venju. Metaðsókn var að árshátíðinni og færri komust að en vildu. Gríðarleg vinna liggur að baki slíkri skemmtun en flestir nemendur skólans koma að árs-





hátíðinni með einum eða öðrum hætti. Fjórar vel heppnaðar sýningar voru að þessu sinni og fengu allar góða dóma hjá áhorfendum.

Fristundavalið hefur verið í blóma í vetur og er þessu kerfi vel tekið bæði af nemendum og foreldrum. M.a. unnu nemendur og foreldrar saman að kransakökugerð fyrir fermingarnar, haldið var byrjendanámskeið á gítar o.fl. Ljóst er að þessi tilboð eru frábær tækifæri fyrir nemendur og foreldra og eflir samkennd og samstarf allra aðila.

Gestkvæmt hefur verið í Grundaskóla á þessu skólaári líkt og mörg önnur ár. Meðal hópa sem hafa komið í heimsókn má nefna skólastjórnendur úr Reykjavík, kennara Valhúsaskóla á Sel-tjarnarnesi, skólastjórnendur úr Garðaskóla Garðabæ, skólastjórnendur frá Bamble (vinabæ Akra-

nes í Noregi), 3. árs nema í Kennaraháskóla Íslands o.fl.

Fjöldi þemaverkefna og söguramma hafa verið unnin á mismunandi stigum skólans og hafa þau öll verið vel heppnuð. Dæmi um þessa vinnu eru sögurammar um Álfa og tröll í 1. bekk, um sveitina í 2. bekk, um blómin í 3. bekk, heit og köld lönd í 4. bekk, víkingapema í 5. bekk, Norðurlöndin í 6. bekk og borgir Evrópu í 7. bekk. Flestum þessum verkefnum lauk með foreldrakvöldum þar sem vinna nemenda var kynnt. Góð mæting var á þessar kyn-

ingar og almenn ánægja með árangurinn. Öll þessi vinna ber öflug skólastarfi glöggt vitni.

Í maí komu fulltrúar Kiwanis, lögreglu og Flytjanda í heimsókn og færðu öllum 1. bekkingum reiðhjólshjálma að gjöf. Gestunum var að vonum vel tekið og voru nemendur í 1. bekk ánægðir með hjálmanna sína. Full ástæða er til að lofa þetta framtak því slysatíðni hjólreiðamanna er alltof há á Íslandi.

prentverk
AKRANESS
Í takt við tímann

Heiðargerði 22 • 300 Akranes • Sími 431 1127 • prentverk@prentverk.is



Árgangur '88

kveður Grundaskóla

Jæja, þá er komið að því að við krakkarnir kveðjum þennan frábæra skóla. Nú er liðinn tæpur áratugur síðan flest okkar stigu sín fyrstu skref hingað inn, en margir hafa bæst við hópinn á þessari 10 ára skólagöngu.

Í byrjun tóku þær Hrönn Jóns-



dóttir og Ásta Kristjana Guðjónsdóttir á móti okkur með bros á vör. Brosið varði þó ekki lengi því strax í fyrsta bekk hófst fjóríð. Kysuleikurinn ABC var með þeim vinsælustu í frímínútum og stóð fram í 3. bekk. Krakkarnir tóku hann þó mis alvarlega og hættu ekkert að kysast þó tímínn væri byrjaður. Ástamálin byrjuðu strax í fyrsta bekk og standa enn yfir. Nú þurfa nemendur 10. GSH að tilkynna stöðu sína í ástamálum í til þess gerðum föstudags-tíma þar sem farið er yfir málin.

Í fjórða bekk var nornaklúbburinn stofnaður hjá stelpunum í SG eftir þáttunum um Sabrinu. Þær grófu stolna blýanta og er ætlunin að grafa þá upp á útskriftardaginn og verða alvörunornir.

Sund og leikfímistímar hafa verið skrautlegir gegnum árin og þess er skemmst að minnast þegar Maggi Geir ældi í sundi því Bjarni Már var allur út í hor.

Í sjötta bekk hófst hið alræmda Spice girls tímabil. Allar stelpurnar æfðu dansa, söfnuðu myndum og hver átti sitt uppáhaldskrydd. Stelpurnar tóku líka upp á því að láta líða yfir sig þegar strákar töluðu við þær (því strákar eru sko ógeð!). Í HJ bekknum voru þá samdar niðvísur umstrákana sem hljómuðu á þessa leið:

*Sjötti bekkur fer nú inn
Að borða góða matinn sinn
Berja alla strákana
Og dýfa þeim ofaní hrákuna*

Þær Hrönn og Sigurlaug settu ýmsar reglur í sjötta bekk til þess að hafa hemil á krakkaskaranum. T.d. mátti ekki prumpa inni í stofunni, heldur fara inn á klósett til þess.

Í sjöunda bekk var gelgjan farin að láta bera á sér, en nú erum við öll orðin þroskuð. Sama ár fengu báðir bekkirnir nýja kennara; þá Karl Hallgrímsson og Gunnar Sturlu Hervarsson. Þeim vetri munum við seint gleyma, Reykjaskóli, og öll veðmálin við Kalla (sem skuldar okkur sko enn pítu - hvað sem hann segir!) og „Brjálaða vikan“ hjá Gunna þar sem var þagað í heila viku, og gelgjurnar Unnur, Ragnheiður og Kady áttu erfitt með sig. Jólasveinaleikritið í 7. bekk var síðan stórvel heppnað, þar sem krakkarnir gerðu sögu um Hells Angels-gengi þar sem Arnór, Kári og Eva komu fram í kvenmanns- leðurbuxum.





Áttundi bekkur lét mikið að sér kveða og gelgjurnar úr Brekkó, Valdi, Dagný og Eydis, voru mætt til leiks. Einn daginn sást til Eydisar að bera á sig brúnkukrem í skólanum og svo gelti hún eins og hundur á krakkana í 10. bekk. Við áttuðum okkur ekki alveg á þessari hegðun en eigum auðveldara með að skilja hana núna þegar

við höfum kynnst stúlkunni betur - hún er ekki enn hætt að gelta!
 Í níunda bekk var tekin kynlífskönnun í unglingadeildinni. Guðmundur Ingi misskildi orðið „kynlíf“ fyrir kossa og sagðist nú oft hafa „stundað“ það. Það var líka í 9. bekk sem óvissuferðin var farin. Óvissuferðin þar sem sett var Íslandsmet í að troða unglingum inn í rútubiðskyli og þegar öllum

til mikilla vonbrigða var gíst í Miðgarði.

Það reyndist nú samt vera einhver skemmtilegasta samverustund hópsins með karóíkíkeppni, limbói, fótbolta í myrkri og hlátursroka vegna hrotanna í Gunna og Kalla.

Nú erum við komin í 10. bekk og fjórið hefur aldrei verið meira. Ónefnd ljóska hefur látið á sér bera í tímum með komment um eitt og annað eins og t.d. hvernig kranar viti hvort eigi að koma kalt eða heitt vatn, þar sem þeir hafi ekki heila. En það eiga nú allir sína slæmu daga.

Þessir síðustu dagar okkar í Grundaskóla munu án efa verða frábærir, og enn fleiri minningar verða til sem við tökum með okkur inn í framtíðina.

Að lokum viljum við þakka þeim kennurum og starfsmönnum skólans sem hafa gert þessi ár ógleymanleg. Við þökkum æðislega fyrir okkur og vonumst eftir að hitta ykkur sem oftast í komandi framtíð. Þið eruð æði!

*Kveðja,
 árgangur '88*



Spennandi nýjung á Vefnum

Nemendur 7. bekkja Grundaskóla hafa í vetur fengið að kynna spennandi nýjung á Vefnum. Um er að ræða sýndarveruleika þar sem fólk á mismunandi stöðum kemur saman og getur innan hans framkvæmt flest það sem tölvusamskipti bjóða upp á.

Það sem krakkarnir í 7. bekk hafa verið að fara með inn í þennan sýndarveruleika eru hönnunarhugmyndir sem þeir hafa unnið sjálfir. Hugmyndirnar hafa þeir skráð inn á þar til gert vefsvæði, skilað þangað inn teikningu og

texta. Hugmyndirnar eru framlag nemendanna og skólans til Nýsköpunarkeppni grunnskóla. Á Vefnum hafa aðrir getað skoðað hugmyndina og jafnvel gefið góð ráð um hönnunina. Verkefnið er t.a.m. unnið í nánu samstarfi við breskan háskóla og styrkt af Evrópuráðinu.

Á bak við þessa flóknu veröld standa þeir Elís Þór Sigurðsson, kennari í Grundaskóla og Gísli Kristjánsson lektor við Kennaraháskóla



Íslands. Þetta verkefni eru þáttur í framhaldsnámi þeirra beggja. Elís Þór er í námi í upplýsingatækni og stjórnun í KHÍ og Gísli er að vinna doktorsverkefni í kennslufræði frá háskóla í Englandi.

Nemendurnir í 7. bekk í Grundaskóla eru sem sagt þátttakendur í tilraun sem Elís Þór og Gísli eru gera með Vefinn í kennslu í upplýsingatækni, hönnun og smíði. Krakkarnir hafa verið himinlifandi með kennsluna og finnst þeir hafa lært alveg helling.

Ráðstefna:

Breyttir kennsluhættir

Í vetur var unnið að því hörðum höndum að undirbúa mikla ráðstefnu um notkun stafræns búnaðar í kennslu. Ráðstefna þessi bar yfirskriftina Breyttir kennsluhættir og helstu samstarfsaðilar Grundaskóla við skipulagningu ráðstefnuhaldsins voru Apple á Íslandi og Íslandsbanki. Auk þess var fjöldi einstaklinga sem ætlaði að vera með erindi á ráðstefnunni, innlendir og erlendir. Fyrirhugað var að kynna fyrir kennurum og öðrum áhugasömum einstaklingum möguleikana sem stafræna tæknin hefur

fært inn í almennt skólastarf. Við í Grundaskóla teljum okkur hafa verið framsækin á þessu sviði og fannst gott að koma að ráðstefnuhaldi sem þessu. Því miður urðum við að fresta ráðstefnunni í vetur en ákvörðun hefur verið tekin um að taka upp þráðinn í sumar og halda ráðstefnuna í Grundaskóla í október 2004. Þá má búast við fjölmenni á Akranesi.

En þótt ráðstefnunni hefði verið frestað héldum við okkar striki og gerðum bæði bíómynd og metn-



aðarfull tónlistarmyndbönd. Frá því er sagt annarsstaðar í blaðinu.

Tónlistarsíða Grundaskóla

Nýlega var sett upp á vefnum Tónlistarsíða Grundaskóla. Á síðunni er að finna hitt og þetta sem tengist tónmenntarkennslunni. Einnig er þar hægt að hlusta á frumsamda tónlist nemenda, horfa á myndbönd auk þess sem tenglar eru inn á net-síður sem nemendur hafa búið til um tónskáld og hljómsveitir. Enn fremur er hægt að skoða atriði úr Hæfileikakeppni grunnskólanna og saga Hátónsbarkakeppninnar er rakin í texta og tónum.

Slóðin er:



Strákar í 8. bekk klippa tónlistarmyndband.



<http://www.aknet.is/grundaskoli/musik/index.htm>

Það er Flosi Einarsson, tónmenntarkennari, sem ber hitann og þungann af efni og vinnslu þessarar síðu, eins og mörgu

öðru í skólanum. Við útlit og uppsetningu hefur hann notið aðstoðar Sigurjóns Jónssonar, kennara í 8. bekk.

Púlsinn óskar skólanum til hamingju með síðuna.

GRUNDAVAL
Matvöruverslun við Garðagrund

Opið alla daga til kl. 21

Íslenska járnblendifélagið ehf.
Icelandic Alloys Ltd.

„Ertu en



Með bækurnar um Leif heppna árið 2000. Þær komu út á íslensku, grænlensku og dönsku. Myndina tók Kristján Kristjánsson.

Jóhanna Karlsdóttir, Grænlandsvinur, kennari og rithöfundur með meiru, er nú lektor við Kennaraháskóla Íslands. Hún er kennslufræðingur og kennir fólki sem vill gerast kennarar. Nokkrir gamlir nemendur Jóhönnu eru í ritstjórn Púlsins. Þeir hittu hana eitt föstudagssíðdegi í apríl og ræddu við hana um heima og geima.

Jóhanna lagði jeppanum á bílastæðinu fyrir utan skólann og hitti okkur á kaffistofu verkgreinakennaranna í kjallaranum. Við rifjuðum upp gamla tíma, forvitnuðumst um kennarann og námsefnishöfundinn og umfram allt hlógum þessi líka lifandi býsn. Jóhanna endar margar frásagnir með því

að skella upp úr og svo hlær hún lengi, lengi, þessum smitandi hlátri, milli þess sem hún svarar spurningum okkar. Þess vegna sátum við nú saman góða stund, en okkur leiddist það sko alls ekki.

Við undirbúning viðtalsins spjölluðum við um Jóhönnu við nokkra af fyrrverandi samstarfsmenn hennar í Grundaskóla. Í ljós kom að fyrir utan kennslufræðiáhugann virðist Jóhanna einna helst vera kunn fyrir hlátur og gleði og allskyns fíflskap í samkvæmum starfsmanna skólans! Í gömlum myndaalbúnum á kennarastofunni eru margar myndir úr samkvæmislífínu. Jóhanna er á þeim flestum, yfirleitt skellihlæjandi. Svo það þarf ekki að koma lesendum Púlsins á óvart þegar skrifað er að viðtalið við Jóhönnu Karlsdóttur hafi ekki aðeins snúist um yfirheyrslu og upprifjun minninga úr skólastofunni heldur umfram allt einkennst af hlátri.

Lítill lömb og lítill hjörtu

Þar sem Jóhanna er nú gamall kennari okkar og á hlut í allri okkar þekkingu, vildum við koma að kynnum okkar við hana og spurðum fyrst af sakleysislegrí hógværd:

Vorum við skemmtilegur bekkur að kenna?

Já, ég á margar mjög skemmtilegar minningar um ykkar bekk, þar var svo góður andi. Stundum hlógum við svo hátt að krakkar úr öðrum bekkjum þyrptust að. Þeir voru svo hissa að heyra svona mikið hlegið og þurftu að gå hvað væri að gerast.

Ég man vel að við sungum voða mikið og þið lærðuð m.a. þjóðsönginn. Svo fóruð þið í heimilisfræði og þegar ég hitti Ingibjörgu Þorkels á kennarastofunni sagði hún mér að börnin mín syngju alveg eins og englar og þau hefðu sungið fyrir sig þjóðsönginn - öll fjögur erindin!

Við í gamla JK bekknum munum öll sérstaklega vel eftir því að þú vildir alltaf að okkur liði vel í „litla hjartanu okkar“, eins og þú orðaðir það. Liður þér vel í litla hjartanu þínu?

Já, mér liður mjög vel í litla hjartanu mínu. (Jóhanna hlær og spyr hvernig í ósköpunum við munum þetta.)

En varla kallarðu nemendur þína í Kennaraháskólanum „litlu lömbin þín“, eins og þú kallaðir okkur?

Ég held nú ekki. Ég held að ég sé hætt því. En ég gæti nú samt alveg hafa sagt það einhvern tíma við þá, ég man nú samt ekki eftir því.

Skólagangan

Hvaðan ertu, Jóhanna og hvar varstu í skóla?

Ég er fædd og uppalin á Laugarbakka í Miðfirði. Þar var ég í barnaskóla í félagsheimilinu. Nemandum var skipt í eldri og yngri deild sem skiptust á að vera í skólanum tvær vikur í senn. Ég var ekki skólaskyld fyrir en 9 ára en fékk að fljóta með fyrir í nokkrum tímum því ég átti heima við hliðina á skólanum. Það var gaman að fá krakkana úr sveitinni í skólann. Þeir voru í heimavist. Við lékum



Jóhanna 1968.

„Hann að kenna, Jóhanna?“

okkur heilmikið í útileikjum á kvöldin. Svo fór ég í heimavistar-skóla að Reykjum í Hrútafirði þar sem skólabúðirnar eru nú. Það er góð reynsla. Eftir það fór ég í Kennaraskólann.

Kennsla aðaláhugamálið

Hvers vegna ákvaðst þú að gerast kennari?

Að sumu leyti er það bara tilviljun að ég varð kennari. Kennaraskólinn, eins og hann hét þá, var vinsæll skóli og ég fór í hann þegar ég var 16 ára. Mig grunaði bara að þar fengi ég fjölbreytta og góða menntun en ég vissi ekki alveg þá hvort ég vildi verða kennari.

En þú ert þá alveg sátt við að hafa tekið þá ákvörðun?

Já mjög sátt. Kennsla hefur líka verið eitt aðaláhugamál mitt og er enn.

Áttu þér einhver önnur áhugamál?

Gönguferðir, ekki síst hér á Skaga. Fjörurnar og fjallið heilla mig. Svo þykir mér náttúrulega gaman að hitta góða vini og bjóða fólki í mat.

En Guðmundur þinn og börnin. Hafa þau alltaf verið ánægð með starfið sem þú valdir þér?



Jóhanna blandar ávaxtasalat með 7 ára nemendum 1980.

Ekki alltaf því oft tók starfið mikinn tíma frá fjölskyldulífi. Það er ekki gott mál, en auðvitað mér að kenna.

Okkur langar að vita eitthvað um fyrstu reynslu þína af kennslu.

Fyrsta reynsla mín af kennslu var náttúrulega þegar ég var í æfingakennslu í Kennaraskólanum. En svo byrjaði ég að kenna í Brekkubæjarskóla árið 1972. Þá var ég með tvo bekki, eldri krakka fyrir hádegi og yngri krakka eft-

ir hádegi. Þar var mín eldskírn í kennslu. Fyrsti veturinn var auðvitað erfiður en mjög skemmtilegur að mörgu leyti. Ég sat oft fram á nótt við að undirbúa kennsluna - var bara tvítug stelpa að byrja að kenna. Uppröðunin í stofnunni var byggð á gluggaröð, miðröð og dyrröð. Ég á góða vini úr þessum fyrstu bekkjum.

Fellur þú ekki vel að gömlu góðu kennslukonuúmyndinni? Þú veist, dragtin og snúðurinn? Ertu ekki yfirleitt þannig klædd í vinnunni?

(Jóhanna hlær dátt) Neeeei, en það kemur fyrir, og ég geri alltaf jafn mikið grín að dragtinni. Ein samstarfskona mín hér í Grundaskóla spurði þegar ég fékk lektorsstöðuna hvort þetta væri ekki tveggja dragta staða!

Vagga Grundaskóla er í Brekkubæjarskóla

Okkur hefur verið sagt að þú hafir verið í hópi þeirra sem kenndu hér þegar Grundaskóli var stofnaður 1981. Viltu segja okkur frá því og hver voru fyrstu verkefni þín á nýjum stað?



„Ég hjólaði í skólann árum saman. Þetta er c.a 1978 þegar ég kenndi í Brekkubæjarskóla.“



Kennarapartý 1987. Jóhanna ásamt Guðlaugu Sverrisdóttur og Ragnheiði Ásgeirsdóttur.

Já, ég tók þátt í stofnun Grundaskóla og þeim undirbúningi öllum og var sem sagt í fyrsta kennarateyminu hérna. Ég er mjög stolt af því. Við byggðum starfið upp frá grunni og skipulögðum starfið. Við segjum oft að vagma Grundaskóla sé í Brekkubæjar-skóla því flestir í teyminu voru kennarar þar. Mér fannst alltaf rosalega gaman í vinnunni. Það var svo góður andi hjá krökkunum og kennurum. Þeim anda tókst okkur að viðhalda þótt bæði nemandum og starfsmönnum fjölgaði hratt. Foreldrar hafa líka verið skól-anum styrk stoð í gegnum árin.

Fyrsta veturinn kenndi ég 7 ára bekk og þeim krökkum fylgdi ég í nokkur ár. Við kenndum í þremur kennslustofum og kennarastofan var á ganginum.

Hefur þú einhver tíma kennt í unglingadeild?

Já, já, ég kenndi í unglingadeild Brekkubæjar-skóla í nokkur ár en svo mest á yngsta- og miðstigi hérna í Grundaskóla.

Leifur heppni

Síðasti umsjónarbekkur Jóhönnu er núverandi 9. LK. Þeir krakkar nutu góðs af áhuga Jóhönnu á Grænlandi og landafundum í vestri því með þeim prófaði hún allt mögulegt í tengslum við námsefnið sem hún gerði um Leif heppna ásamt fleirum. Það er nú námsefni í samfélagsfræði 5. og 6. bekkinga á Íslandi og í Grænlandi líka, því bókin kom einnig út á grænlensku og dönsku. Það má því segja að þetta skemmtilega víkinganámsefni hafi orðið til hér í Grundaskóla.

Er þetta víkinganámsefni eina námsefnið sem þú hefur samið?

Nei, ekki alveg. Eitthvað er nú meira til eftir mig. Til dæmis gerðum við Ásta Egils tvær umferðarfræðslubækur, sem þið kannist nú við og við sömdum einnig bók fyrir byrjendur í skóla og heitir „Skólabókin mín.“ Allt þetta námsefni hefur orðið til hér í Grundaskóla.

Af hverju er áhugi þinn á víkingum sprottinn?

Ég var svo heppin að fá skemmtilegt verkefni um víkinga til að vinna fyrir Námsgagnastofnun. Ráðist var í það verkefni í tilefni af eittþúsund ára afmæli landafunda í vestri og var það samstarfsverkefni Grænlandinga og Íslendinga. Námsgagnastofnun vantaði einhvern frá Íslandi til að semja námsefnið og þar sem starfsfólkið þar vissi að ég er mikill áhugamaður um Grænland hefur því sjálfsagt dottið í hug að leita til mín. Í raun og veru kviknaði áhugi minn á víkingum og Íslendingasögum fyrst fyrir alvöru við gerð þessa námsefnis. Saga og samfélag víkinga er gríðarlega skemmtilegt viðfangsefni sem býður upp á fjölbreyttar leiðir til kennslu. Það hefur verið vinsælt víða um heim undanfarin ár.

Við í gamla JK bekknum munum eftir frásögum þínum af Grænlandsferðum og ferð til Nýja Sjálands.

Já, ég hef farið nokkrum sinnum til Grænlands, meðal annars út af námsefni mínu um Leif heppna, víkinganámsefninu. Þá fór ég, eða var sem sagt send á fund til Nuuk. Ég fékk að vera með alveg frá byrjun, frá því þegar verið var

Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu blaðsins

Blikkverk sf.

NA
NORÐURÁL
NORDIC ALUMINUM

PK Iagnir

Húsamálun J.P. ehf.
Sími 896 2443



að ræða hvernig námsefnið ætti að vera. Svo hef ég farið í sumarfrí til Grænlands með eiginmanni mínum og syni. Ég hef oftast komið til suðurhluta Grænlands sem er stórkostlegur hluti Grænlands.

En hvaða erindi áttirðu til Nýja Sjálands?

Ég fór að skoða skóla og hvernig ýmislegt fer fram í skólunum þar. Ég vildi sjá hvernig Ný-Sjálandingar skipuleggja skólastarfið t.d. byrjendakennslu og lestrarkennslu. Það var mjög gaman!

Í Kennaraháskólann

Árið 1996 settist Jóhanna áskólabekk í Kennaraháskóla Íslands, fór í mastersnám og lærði kennslufræði. Hún kenndi jafnframt við Grundaskóla. Eftir að hún útskrifaðist varð hún aðstoðarskólastjóri í eitt ár. Hvernig skyldi henni hafa líkað það starf?

Mér fannst það góð reynsla, en ég myndi ekki vilja gera það að framtíðarstarfi mínu. Ég vil frekar kenna. Mér finnst skemmtilegra að vera í meira samstarfi við nemendur.

Síðast þegar þú varst umsjónarkennari hér var þegar þú kenndir okkur í 5. bekk. Nú kennir þú fullorðnu fólki í háskóla. Var það ekki stórt stökk?

Mér fannst það ekkert rosalega stórt stökk. Kennsla er alltaf kennsla. Aðalmálið er bara að fara alltaf vel undirbúin í kennslu og viðhalda jákvæðu viðhorfi gagnvart nemendum. Þeir eru snillingar ef þeir fá traust og tækifæri. Það á alltaf við, alveg sama hvaða aldri maður kennir.

Er starf þitt í KHÍ skemmtilegra en starf umsjónarkennara í Grundaskóla?

Nei, nei, það er bara allt öðruvísi. Að sumu leyti er það líkt. Ég er enn að kenna og er m.a. með umsjónarbekk. En ég hitti þann bekk ekki nema einu sinni til tvisvar í viku allan veturinn.

Hvernig upplifun er að hitta nemendur sem að þú hefur kennt þegar þeir eru orðnir fullorðnir?

Mér finnst alltaf jafngaman að hitta þá. Þeir spyrja gjarnan: „Ertu enn að kenna, Jóhanna?“ Það finnst mér alltaf skemmtileg spurning. Mér þykir mjög vænt um nemendur mína. Svo er líka gaman að rekast á gamla samstarfsmenn og foreldra. Ég sakna Grundaskóla að mörgu leyti. Hann er mín smiðja. Ég fæ oft lánuð verk nemenda hér til að sýna kennaranemum eða í öðrum skólum. Hér er mikil gróska í námi og kennslu.

Tvær sögur úr skólanum

Geturðu kannski sagt okkur einhverjar sögur af starfi þínu sem grunnskólakennari sem standa upp úr?

Já, ég man all margar. Það var náttúrulega alltaf gaman af tilsvörum krakka og sögum þegar við vorum í umræðum og svoleiðis. Ég hef nú stundum sagt frá því þegar við vorum einu sinni í umferðarfræðslu í 2. bekk að það var strákur sem rétti upp höndina og vildi segja frá. Hann sagði: „Sko heyrðu, ég átti kött, en svo hljóp hann út á götu fyrir bíl og dó.“ Ég var eitthvað utan við mig brást við þessu með algjörlega fáránlegri spurningu: „Já, og hvað gerðirðu við hann?“ Hann svaraði: „Nú, ég bara gróðursetti hann!“

Svo er annað atvik sem ég man vel eftir.

Það var nemandi sem var alltaf í skóm sem ég þurfti að reima þegar hann fór út í frímínútur. Hann var vanur að segja við mig: „Geturðu reimt?“ Og ég var alltaf að leiðrétta hann: „Þú átt að segja: Geturðu reimað!“ Svo fór ég bara að hrista hausinn þegar hann spurði hvort að ég gæti reimt. Einu sinni stóð hann svona dálítið vandræðalegur fyrir framan mig og mundi



Áhuginn leynir sér ekki . . .

greinilega ekki alveg hvernig hann átti nú aftur að segja þetta. En svo kom það: „Jóhanna, geturðu rumið?“

Að lokum

Þegar hér var komið sögu í viðtalinu var komið langt fram yfir kvöldmat og Guðmundur farinn að stara ofan í tóma pottana í eldhúsinu á Brekkubrautinni. Við urðum því að sleppa Jóhönnu heim að elda matinn. Við þökk- uðum henni innilega vel fyrir að leyfa okkur að eiga við sig viðtal og óskuðum henni velfarnaðar í háskólakennslunni í Reykjavík.

Jóhanna Karlsdóttir er einn af þessum kennurum sem sýnir starfinu gríðarlegan áhuga og er sannkallaður fagmaður. Hún er örugglega rétti maðurinn til að kenna kennaranemum í Kennaraháskóla Íslands. Kennsla er hennar líf og yndi. Ef Jóhanna nær að smita nemendur sína í KHÍ af brotabroti af þeim áhuga sem hún hefur á faginu er framtíð stéttarinnar borgið, og hananú!

Tim Royes í heimsókn

Fyrstu vikunnar í febrúar bjuggu nokkrir nemendur í unglingadeild til myndbönd við lög sem þeir höfðu gert sjálfir. Það væri svo sem ekki í frásögu færandi ef ekki hefði komið til samstarf við Tim Royes, frægan breskan leikstjóra. Í rauninni hefði þetta verkefni aldrei orðið að veruleika ef ekki hefði verið fyrir hann og umboðsmann hans, Svönu Gísladóttur. Í miðju verkefni tókum við hann tali. Þrátt fyrir að segjast ekki mjög góður í viðtölum lét hann til leiðast og kom með okkur inn á kaffistofu þar sem sífelldur æsingur vegna myndbandanna var minni en fyrir utan.

Segðu okkur frá sjálfum þér.

Ég heiti Tim Royes og kem frá London, ég vinn við það að gera tónlistarmyndbönd og auglýsingar. Mörg myndböndin sem ég hef gert hafa farið út um allt, þar á meðal í MTV. Ég vinn með fullt af fólki úr tónlistarheiminum, m.a Skin, The Darkness, Coldplay og fleiri. Og já, ætli þetta skýri ekki hver ég er?

Hvernig fannst þér að vinna að svona verkefni?

Þetta var mjög skemmtilegt, mjög áhugavert. Ég hef aldrei verið í kennarahlutverki áður. Ég hef aldrei verið að segja fólki hvernig á að gera hitt og þetta. Ég hef bara verið sá sem gerir það. En það sem var skemmtilegast við þetta var hversu allir voru viljugir til að læra og það er aðalmálið.

Það sem ég vildi helst fá út úr þessu var að auka áhuga hjá öllum hérna til að gera eitthvað þessu líkt og ég held að mér hafi tekist það. Þetta er búið að vera mun skemmtilegra en ég bjóst við.

Myndirðu vilja gera eitthvað þessu líkt aftur?

Já alveg örugglega. Það er ótrúlegt hvað hægt er að gera með svona verkefni þegar allir eru tilbúnir til að fórná sér í það. Svona verkefni taka alveg rosalegan tíma og fólk þarf að vera alveg hundrað

prósent viljugt til að gera svona hluti.

Hvernig leist þér á lögin sem að hóparnir þrír bjuggu til?

Mér fannst þau frábær. Ég bjóst alls ekki við svona góðum lögum. Mér fannst virkilega gott hvað þau voru ólík hvert öðru. Það hefði ekki verið skemmtilegt ef öll lögin hefðu verið eins. Hvert lag hafði sitt persónueinkenni, ef þannig má að orði komast.

Þess vegna var auðvelt að búa til ólík myndbönd við þau.

Hvar lærdirðu að búa til tónlistarmyndbönd?

Ég fór reyndar í lögfræði í háskóla en alveg frá því ég var lítill strákur hafði mig langað að búa til tónlistarmyndbönd. Ég gekk svo til liðs við fyrirtæki nokkurt og flutti til stórborgar sem er þó ekki jafnstór og London. Þar byrjaði ég á botninum, hellti upp á kaffi og lagaði te. En ég lærði af fólkinu í kringum mig og fljótlega fór ég að fá verkefni sem urðu svo fleiri og stærri eftir því sem reynslan jókst. Smám saman fékk maður meiri og meiri ábyrgð þar til ég var kominn út í það að leikstýra myndböndum sjálfur. En ég fór ekki í neinn kvikmyndaskóla ef þú átt við það. Ef ég hef einhver ráð fyrir þá sem vilja komast í þennan bransa þá er það að ekki endilega að fara í einhvern kvikmyndaskóla heldur að taka á sínum stóra og bara búa til myndbönd. Það er það besta sem þú getur gert. Ekki hika og ekki halda að þú þurfir að læra fyrst. Maður lærir af reynslunni.

Hvað langar þig að gera í framtíðinni?

Mig langar að gera kvikmyndir í framtíðinni. Hasarmyndir eða vísindaskáldsögur. Ég elska þannig



hluti. En ég er ekki að fara gera neitt þannig á næstunni. Núna er ég að gera þetta og svo biða mörg önnur verkefni. En maður ætti alltaf að gera það sem maður hefur gaman af. Það er aðalmálið!

Klassísk spurning: How do you like Iceland?

Það er kalt og það stendur þannig undir nafninu en ég bjóst við að sjá meiri snjó.

En ég hef ekki séð mikið af landinu . . . eða reyndar er það ekki satt, ég hef séð mjög mikið af því, bara ekki þessa týpisku ferðamannastaði. En áður en ég fer aftur heim þá ætla ég að sjá meira af því. Ég fer meðal annars í Bláa lónið og ætla að reyna að fara á einhvern jökulinn. En ætli ég verði ekki að koma aftur til að komast yfir allt sem mig langar að sjá af Íslandi. Mig langar mjög mikið að koma aftur. Þetta er óhemjufallegt land.

Takk fyrir spjallið. Við óskum þér alls hins besta í framtíðinni og vertu viss um að kvikmyndin þín verði send til Íslands þegar þú hefur gert hana.

Viðtalið tóku Kristján Már Gunnarsson og Róbert Þór Henn. Þýðing: Kristján Már.



Óskum nemendum og starfsfólki Grundaskóla gleðilegs sumars!



Hittumst hress og
endurnærð í haust!



Kirkjubraut 54 • Akranesi
Sími 431 1855



markmiðið
í sumar er
garðurinn

Íslandsbanki lánar fólki
í framkvæmdahug

Skuldabréf • Húsnæðislán • Fastvaxtalán
Hagstæð lán til sjóðsfélaga Almenna lífeyrissjóðsins
Yfirráttur • Vixill

ÍSLANDBANKI



Tískuhornið

Bláðamenn Púlsins, þær Alexandra Ósk og Edit fóru þess á leit við þau Sunnu Dís í 8. bekk og Pál Straumberg í 9. bekk að taka þátt í tískupætti Púlsins. Þau áttu ekki bara að vera módel heldur þurftu þau einnig að gangast undir ákveðna meðferð hársnyrtimeistara, förðunarfræðings og verslunarfolks. Bæði Sunna Dís og Páll Straumberg tóku beiðninni vel.

Þá fóru blaðamennirnir gangandi niður í bæ og leituðu að versl-

un og hárgreiðslustofu sem væru til í að vera með í tískupættinum. Elsa og Hugi í **Ozone** slógu til og það gerði líka Stefania Sigurðardóttir í hárgreiðslustofunni **Mozart** á Skagabraut. Bláðamennirnir létu ekki þar við sitja heldur leituðu á náðir förðunarfræðingsins Önnu Siggú og Ágústu Friðriks ljósmyndara í **Myndsmiðjunni**. Hugmyndin var að mynda þau Sunnu og Pál í þeim fötum sem þau klæddust dags daglega með þá hárgreiðslu



sem væri dæmigerð á venjulegum skóladegi, klippa svo hárið og lita, greiða það og snyrta, dressa krakkana svo upp í **Ozone** og taka svo aftur myndir í **Myndsmiðjunni**.

Páll Straumberg er mikill áhugaður um þungarokk og þess sjást greinileg merki á klæðaburði hans og hárrýði. En það var einmitt hárið sem blaðamennirnir höfðu mesta löngun til að sjá fjúka. Páll var alveg til í fórn því fyrir tískupáttinn. Yfirleitt gengur Páll í gallabuxum og stuttermabolir með mynd af hljómsveit á eða plötumslagi er einkennisklæðnaður hans. Á mynd sést hann í svörtum bol með mynd af Iron Maiden.

Sunna er svakalega lifleg og hress stelpa. Það var líka hárið sem blaðamennirnir höfðu augastað á og vildu sjá hvað gera mætti við það.

Möguleikarnir voru vissulega margir. Um fatasmekk Sunnu er svo sem ekki margt að segja. Hún er von að vera snyrtileg til fara og hefur hárið yfirleitt slegið. Hún er sem betur fer vaxin upp úr því að hafa húfu á höfði öllum stundum. En það má segja að það hafi einkennt útlit hennar hvað mest framan af vetri. Þælið í því!

Eftir fyrri myndatökuna mætti Sunna Dís til Önnu Siggú í plockun. Það hafði hún aldrei látið gera við sig áður svo þar varð strax vart við nokkra breytingu á útliti hennar. Daginn eftir fóru krakkarnir svo til Stefaníu í **Mozart** þar sem þau fengu klippingu og litun.



Jaðarsbakkalaug

Opnunartími:
 Mánudaga til föstudaga
 kl. 6:45 - 21:00
 Laugardaga og sunnudaga
 kl. 9:00 - 18:00

**Sund
 Rennibraut
 Heitir pottar
 Gufubað
 Íþróttasalur
 Fundarsalir
 Gisting fyrir hópa**

Langisandur

**Stutt er á milli
 Langasands og
 Jaðarsbakkalaugar
 og því tilvalið
 að skella sér í
 sund eftir langan
 dag á ströndinni**

Frá **Mozart** lá leiðin til Önnu Siggú þar sem Sunna fékk förðun við hæfi 14 ára laglegrar unglingsstúlkú. Þá var komið að Elsu og Huga í **Ozone** að finna klæðnaðinn. Þau fengu algjörlega frjálssar hendur með fatavalið. Þegar við spurðum Sunnu og Pál hvort þau



teldu líklegt að þau myndu einhvern tíma kaupa sér fatnað líkan þeim sem þau sýna hér á síðunni sagði Sunna að henni hefði svo sannarlega líkað fötin og að hana langaði mest til að fara strax, taka út smákerf af fermingapeningunum og kaupa gallann eins og hann

lagði sig! Páll var ekki eins viss. Honum líkaði vel við fötin en taldi ólíklegt að hann myndi kaupa sér flikur í þeim stíl sem þau Elsa og Hugi höfðu sett hann í. Hann hefði annan fatasmekk. Kynni yfirleitt best við sig í þægilegum gallabuxum og hljómsveitabol.



Báðir krakkarnir filuðu klippinguna og litunina alveg í ræmur. Þau höfðu líka orð á því hve viðmótið hafði allstaðar verið sérstaklega þægilegt og vingjarnlegt. „Hingað kem ég næst“, sagði Sunna og brosti sínu breiða og fallega brosi framan í Stefaníu í **Mozart**. Og hana langaði í fötin frá **Ozone**: Ætli Anna Sigga sé ekki líka komin með fastagest í plockun og förðun og sjálfsgagt verður Ágústa í **Myndsmiðjunni** kölluð til þegar stúdentshúfan verður sett upp.

Púlsinn kann öllum þeim sem komu að gerð þessa tiskupáttar bestu þakkir fyrir.



GÍTARAR FRÁBÆRT ÚRVAL



ART & LUTHERIE



SEAGULL



LA PATRIE



SIMON & PATRICK



TÓNASTÖÐIN

Láttu þig dreyma upphátt.

Tónastöðin ehf. | Skipholt 50d | sími: 552-1185 | www.tonastodin.is



*Óskum Grundaskóla
til hamingju
með nýja eldhúsið.*



Jóhann Ólafsson & Co

SUNDABORG 13 • 101 REYKJAVÍK

Brúarsmiður og farar-tækjahönnuður

Við í ritstjórninni fréttum að nemandi í 9. bekk, Þórður Björnsson, hafi verið að sækja námskeið í Háskóla Íslands. Við urðum forvitin og hittum hann á bókasafni skólans og spurðum hann um þessi námskeið.

„Jú, ég hef verið þátttakandi á námskeiðum á vegum verkefnis sem heitir Bráðger börn - verkefni við hæfi. Það verkefni hefur verið í gangi undanfarin 5 ár, en ég tók ekki þátt fyrr en í fyrra. Það hafa fleiri nemendur úr skólanum sótt eitt og eitt námskeið sem haldin hafa verið á vegum þessa verkefnis, en þeir hafa ekki farið eins oft og ég.“

Hvað er gert á þessum námskeiðum?

„Það er misjafnt. Ég veit náttúrulega bara hvað hefur verið gert á þeim námskeiðum sem ég hef sjálfur sótt. Það hafa verið miklu fleiri tilboð um námskeið en þau sem ég hef tekið. Ég hef farið fjórum sinnum. Í fyrra vorum við fyrst að hanna farartæki, svo fór um við saman, ég og Guðmundur Freyr Hallgrímsson, á námskeið sem hét Brúarsmiði. Í lok þess námskeiðs var samkeppni þar sem okkar hönnun sló í gegn. Við smíðuðum brú sem var bæði léttust og sterkbyggðust!“

„Í vetur hef ég sótt tvö námskeið. Annars vegar var það námskeið í vetnisframleiðslu. Þar kynntumst við hugmyndum um að smíða vél til að knýja flugvélar með vetni, við skoðuðum vetnisbíl og prófuðum svo að einangra vetni og súrefni úr vatninu úr krananum. Hitt námskeiðið voru eðlisfræðitilraunir með ljós, t.d. um brotstuðla og hvernig hægt er að spegla ljós. Hverju námskeiði lýkur með lokahátíð. Þetta skiptið sýndum við alls kyns ljósbrellur á lokahátíðinni. Það var mjög skemmtilegt!“

Heldurðu að þú munir sækja þessi námskeið næsta vetur?

„Nei. Þetta átti bara að vera í 6 ár og nú er sá tími liðinn. Ég verð bara að finna mér eitthvað annað til dundurs næsta vetur.“

Hvernig lýst þér á þig innan veg-gja Háskóla Íslands? Heldurðu að þú eigir eftir að vera nemandi þar?

„Mér lýst bara vel á mig þar. Ég gæti vel hugsað mér að fara í þann skóla og þá myndi ég vilja læra eðlisfræði eða verkfræði.“

Það er nefnilega það! Svo það er þetta sem Þórður hefur verið að



Þórður Björnsson.

bralla í Háskólanum. Vonandi að hann finni sér eitthvað skemmtilegt að dunda við næsta vetur.

Hoppaði yfir 9. bekk

Þegar Guðmundur Freyr Hallgrímsson var í 8. bekk var honum farið að leiðast það hversu námið var honum auðvelt. Hann vildi meiri áskorun. Þá tóku hann og foreldrar hans þá ákvörðun, reyndar eftir ráðfæringar við sérfræðinga skólans, að hoppa yfir 9. bekk og fara beint úr 8. bekk í 10. bekk. Púlsinn tók Gumma tali og forvitnaðist um það hvernig þetta hefur gengið hjá honum í vetur.

Var ekkert erfitt að sleppa heilum bekk ?

Sko námslega séð þá var það ekkert erfitt. Auðvitað vantaði eitthvað inn í en það kom bara með tímanum. Félagslega séð hins vegar var ég svolítið kvíðinn í fyrstu en svo kynntist ég bara þessum krökkum í 10. bekk.

Fannst þér ekki leiðinlegt að vera að læra í allt sumar ?

(Hlær) Ég lærði ekkert allt seinasta sumar. Ég fékk nokkrar bækur sem ég gluggaði bara í eftir því sem ég nenni.

Tóku bekkjarfélagar þínir þér vel þegar þú komst í bekkinn ?

Já, bara eins og hverjum öðrum held ég.

Er það rétt sem ég heyri að þú hafir verið hæstur í æfinga-samræmdu prófunum í febrúar?



Guðmundur Freyr Hallgrímsson.

Ég fékk auðvitað ekki hæstu einkunnirnar og hefði alveg viljað gera betur en var nokkuð sáttur við þær.

Fannst gömlu bekkjarfélögunum þínum ekki leiðinlegt að þú skyldir hætta í bekknum þeirra?

(Gummi hugsar sig vel um áður en hann svarar.) Ég vona að þeim hafi fundist það leiðinlegt, en ég hef í rauninni ekki hugmynd um það.

Er mikið að læra heima?
Auðvitað er mikið að læra heima, þetta er jú 10. bekkur.



1. HKA

Þórður Arnar Jóséfsson, Hafþór Pétursson, Sigríður Ylfa Arnarsdóttir, Bryndís Rún Þórólfsdóttir, Darri Már Valsson, Almar Knörr Hjaltason, kennari, Snær Halldórsson, Marín Rós Eyjólfssdóttir, Anita Franklinsdóttir, Margrét Brandsdóttir, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Aron Þorbjörnsson, Mikael Máni Steinarsson, Árni Þór Árnason, Helgi Jónsson, Ragnar Már Lárusson, Dóra Marín Karvelsdóttir.

Á myndina vantar Heiði Ásgeirsdóttur.

1. SRR

Sigurlaug Rún Hjartardóttir, Brynja Rún Björnsdóttir, Stefania Berg Steinarsdóttir, Hafdis Dóra Gunnarsdóttir, Bjarki Aron Sigurðsson, Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir, kennari, Einar Ágúst Hjálmarsson, Ágúst Ingi Rossen, Friðrik Berg Sigbórsson, Ævar Valur Hjartarson, Davíð Phuong Xuan Nguyen, Hrafn Darri Guðbjörnsson, Benedikt Rúnar Hermannsson, Kristófer Daði Garðasson, Ásgerður Ásgrímsdóttir, Allan Bjarki Jónsson.

Á myndina vantar Enok Orra Arnórsson, Þóreyju Petru Bjarnadóttur og Steinþór Brekkmann Steinhórrsson.



2. CBR


Christel Björg Rúdólfssdóttir, kennari, Sigrún Eldís Gísladóttir, Aldís Rós Hrólfsdóttir, Sesselja Bergrós Gunnarsdóttir, Björnfríður Björnsdóttir, Kristín Ósk Björnsdóttir, Tryggvi Björn Guðbjörnsson, Elmar Gísli Gíslason, Katarínus Björnsson, Hörður Þór Harðarson, Albert Hafsteinsson, Tryggvi Hrafn Haraldsson, Auðunn Andri Ólafsson, Aldís Ylfa Heimisdóttir, Daniel Þór Heimisson, Kristján Þór Jónsson, Helgi Gréttar Gunnarsson, Albert Ægisson, Guðjón Snær Einarsson, Ester Lind Theodórsdóttir, Lilja Bjarklind Garðarsdóttir, Sara Ýr Jónsdóttir, Guðný Björk Proppé, Arnþór Snær Hjaltason.



2. ES

Ólöf Guðjónsdóttir, kennari, Guðmundur Darri Sverrisson, Finnbogi Rúnar Kristjánsson, Haflíði Stefánsson, Tanja Björk Marteinsdóttir, Kristbjörg Víðisdóttir, Björn Hreiðar Pálsson, Hrafnhildur Steinunn Sigþórsdóttir, Aron Tryggvi Þorsteinson, Guðmundur Bjarni Björnsson, Breki Harðarson, Axel Bragi Bjarnason, Laufey María Vilhelmsdóttir, Vilborg Júlía Pétursdóttir, Jóhanna Ösp Stefánsdóttir, Brynja Dögg Magnúsdóttir, Svava Rún Björgvinsdóttir, Albert Páll Albertsson, Stefán Logi Samúelsson, Ragnheiður Eva Guðmundsdóttir, Brynja Ásta Magnúsdóttir.

Á myndina vantar Maríu Rún Ólafsdóttur og Elísabetu Steingrimsdóttur kennara.



3. ÁHF

Arnar Árnason, Karen Sól Sævarsdóttir, Kolbrún Ósk Kolbeinsdóttir, Kristín Ása Hjálmsdóttir, Simon Þengill Jóhannsson, Sýlvía Björk Jónsdóttir, Hafðís Mist Bergsteinsdóttir, Arnaldur Ægir Guðlaugsson, Hrefna Björg Gylfadóttir, Rut Hrafn Elvarsdóttir, Hafðís Dögg Rúnarsdóttir, Guðlaugur Þór Brandsson, Sverrir Mar Smárason, Fannar Geir Sigurgeirsson, Þórður Þorsteinn Þórðarson, Þórður Páll Fjaljarsson, Kristinn Gauti Gunnarsson.

Á myndina vantar Gabriel Örn Kjartansson og Árnýju Huldu Friðriksdóttur, kennara.

3. SÓ

Adda Malín Vilhjálmsdóttir, Elva Björk Magnúsdóttir, Krístrún Haraldsdóttir, Lovisa Hrund Svavarsdóttir, Julio Adam Helguson, Júlía Björk Jóhannsdóttir, Hrönn Óskarsdóttir, Helgi Sigurðsson, Alexandra Ýr Stefánsdóttir, Hannes Marvín Óðinsson, Ída Logadóttir, Arnar Steinn Ólafsson, Marínó Hilmar Ásgeirsson, Heiðrún Ósk Magnúsdóttir.

Á myndina vantar Sigríði Ólafsdóttur, kennara.





3. KDM

Freyja Kristjana Bjarkadóttir, Sigursteinn Atli Ólafsson, Salome Jónsdóttir, Ingibjörg Helga Rögnvaldsdóttir, Arnar Freyr Sigurðsson, Konráð Freyr Sigurðsson, Einar Emil Torfason, Birna Björk Hölludóttir, Sævar Berg Sigurðsson, Þorvaldur Arnar Guðmundsson, Gréta Stefánsdóttir, Silvía Sif Ólafsdóttir, Eyrún Eiðsdóttir.

Á myndina vantar Ingileif Egilsdóttur og Kristínu Dögg Marteinsdóttur, kennara.

4. EBD

Sóley Hálfhánsdóttir, Andri Freyr Gunnarsson, Ingimundur Haraldur Magnússon, Björn Þór Björnsson, Snorri Kristleifsson, Hafþór Daði Halldórsson, Jónas Kári Eiríksson, Matthías Ásgeirsson, Hafsteinn Einar Ágústsson, Elin Björk Davíðsdóttir, kennari, Sigurður Böðvarsson, Alexander Freyr Jensson, Guðlaug María Jónsdóttir, Agnesa Andreudóttir, Eva Ösp Sæmundsdóttir, Dagbjört Inga Grétarsdóttir, Elsa María Guðlaugsdóttir, Elin Birna Jóhannsdóttir, Hafdis Lilja Hafsteinsdóttir, Maren Leósdóttir.

Á myndina vantar Særós Ýr Þráinsdóttur, Piotr Mochola og Jóhann Hergils Steinþórsson.



4. MÁ

Steinunn Traustadóttir, Stefanía Sól Sveinbjörnsdóttir, Hekla Haraldsdóttir, Kristrún Skúladóttir, Unnur Ýr Haraldsdóttir, Alexandra Hlíf Jóelsdóttir, Margrét Saga Gunnarsdóttir, Elísa Svala Elvarsdóttir, Marvín Prastarson, Ragnar Þór Gunnarsson, Ómar Logi Þorbjörnsson, Margrét Rós Jósefsdóttir, kennari, Heiðrún Anna Sigurðardóttir, Aldís Ýr Rossen, María Rós Björnsdóttir, Ingveldur María Hjartardóttir, Sólveig Rún Samúelsdóttir, Vera Kristín Jónsdóttir, Karl Svanhólm Þórisson, Snorri Már Lárusson, Trausti Guðmundsson, Sindri Snæfells Kristinsson, Atli Albertsson.

Á myndina vantar Guðjón Dag Hjartarson, Guðrúnu Ýr Bjarnadóttur og Margréti Ákadóttur kennara.

5. GA

Eyþór Örn Gunnarsson, Einar Þór Gunnarsson, Halldór Þraki Ólafsson, Arnór Freyr Simonarson, Arnór Kristinn Hjálmarsson, Elísa Valdís Einarsdóttir, Eydís Sunna Ægisdóttir, Sigríður Edda Valdimarsdóttir, Garðar Axelsson, kennari, Anton Örn Rúnarsson, Daníel Magnússon, Jón Pétur Vilhelmsson, Oddur Andrés Guðsteinsson, Kristófer Már Maronsson, Hulda Margrét Brynjarsdóttir, Ósk Hjartardóttir, Ragnheiður Ásta Brynjólfssdóttir, Petrea Hjartardóttir, Valdís Rut Jónsdóttir, Linda Hrönn Óðinsdóttir, Guðlaug Marín Gunnarsdóttir, Dagmar Elsa Jónasdóttir, Lilja Rut Bjarnadóttir.



5. GB

Teitur Péturson, Birkir Hrafn Vilhjálms-son, Sigrún Eva Ármannsdóttir, Inga Elín Cryer, Birta Stefánsdóttir, Helga Björg Prastardóttir, Benedikt Valur Árnason, Pálmi Gunnlaugsson, Sigríður Lóa Björnsdóttir, Gunnhildur Björnsdóttir, kennari, Olgeir Sölvi Karvelsson, Alexander Egill Guðmundsson, Linda Yr Stefánsdóttir, Katla Rún Baldursdóttir, Hallbera Rún Þórðardóttir, Kristín Björk Lárusdóttir, Heiður Heimisdóttir, Emílija Halldórsdóttir, Hafdís Ingimarsdóttir, Erla Dís Torfadóttir, Valgerður Björk Marteinsdóttir, Harpa Hólm Heimisdóttir, Berglind Hrönn Einarsdóttir, Dagur Feyr Hermannsson, Halþór Ingi Pálsson. Á myndina vantar Ínu Sigrúnu Rúnarisdóttur.

6. SG

Oddný Valgeirsdóttir, stuðningsfulltrúi, Allan Freyr Vilhjálmsson, Alex Kári Kristjánsson, Björn Markús Lúðvíksson, Engilbert Svavarsson, Hilmar Þór Simonarson, Kristján Þórir Sigurgeirsson, Andri Gústavsson, Ingibjörn Sölvason, Steinunn Guðmundsdóttir, kennari, Unnur Rebekka Þráinsdóttir, Erla Karítas Pétursdóttir, Kristjana Bjarnadóttir, Aðalheiður Harðardóttir, Móeiður Lárusdóttir, Sóley Bára Bergsteinsdóttir, Karen Ósk Guðlaugsdóttir, Amanda Ösp Kolbeinsdóttir, Bjarki Þór Jóhannsson, Ásta Gunnarsdóttir, Bryndís Matthíasdóttir, Sædis Eva Óðinsdóttir, Kristjana Kristjánsdóttir. Á myndina vantar Öldu Björk Einarsdóttur og Hall Flosason.





6. VH

Hrafn Traustason, Alma Dögg Torfadóttir, Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir, Telma Björk Helgadóttir, Svava Björk Hölludóttir, Vilborg Helgadóttir, kennari, Inga Guðrún Gísladóttir, Jón Þór Hallgrímsson, Tómas Alexander Árnason, Róbert Sigurjónsson, Nökkvi Rúnarsson, Kristín

Inga Karlsdóttir, Dagný Björk Egilsdóttir, Margrét Helga Guðmundsdóttir, Árný Lára Sigurðardóttir, Jóhann Úlfar Thoroddsen, Sigurður Trausti Karvelsson, Arnór Ingi Jónasson, Arnar Þór Ólason, Arnór Haukur Hjartarson, Birkir Olgeir Bjarkason.

Á myndina vantar Eirík Bergmann Henn og Vigdís Ólafsdóttir.

7. ÁÁ

Bjarki Valur Viðarsson, Rúnar Bergmann Gunnlaugsson, Gunnar Þór Þorsteinsson, Agnes Ásgeirsdóttir, Daisy Heimisdóttir, Áslaug Akadóttir, kennari, Gunnþórunn Valsdóttir, Harpa Lind Gylfadóttir, Sonja Bjarnadóttir, Sigurður Hrafn Smáráson, Jón Andri Björnsson, Fjalar Þór Rúnarsson, Steinhólr Böðvarsson, Eygló Smárádóttir, Ingvar Þórisson, Ágúst Heimisson, Hildigunnur S. Aðalsteinsdóttir.



7. EÞS

Viktor Gabriel Friðriksson, Árni Snær Ólafsson, Borghildur Jósíadóttir, kennari, Ragnar Leósson, Elís Þór Sigurðsson, kennari, Svanberg Björnsson, Ingibjörg Huld Gísladóttir, Kristín Ósk Karlsdóttir, Helga María Hafsteinsdóttir, Laufey Guðnadóttir, Heiður Dögg Reynisdóttir, Helena Másdóttir, Kristinn Ágúst Þórisson, Marínó Rafn Guðmundsson, Gígja Gylfadóttir,

Breki Berg Guðmundsson, Bjarki Berg Guðmundsson, Eydís Frímansdóttir, Svandís Erla Ólafsdóttir.

Á myndina vantar Viktor Ým Eliasson.

7. SKr

Björgvin Andri Garðarsson, Rúnar Árnason, Orrí Jónsson, Ástþór Helgi Hjálmarsson, Júlía Björk Elfarsdóttir, Auður Dögg Eyjólfsdóttir, Kristín Ragnarsdóttir, Kristinn Hlíðar Grétarsson, Gyða Björk Bergþórsdóttir, Ármann Steinar Gunnarsson, Sigurveig Kristjánsdóttir, kennari, Einar Logi Einarsson, Þorsteinn Jónsson, Guðbergur Jens Haraldsson, Líf Lárusdóttir, Arna Snjólaug Birgisdóttir, Rákel Gunnlaugsdóttir, Alexandra Berg.

Á myndina vantar Eyju Þóru Guðjónsdóttur og Hafþór Inga Garðarsson.



8. EV

Ragnar Þór Gunnarsson, Emil Kristmann Sævarsson, Jóhann Skúli Björnsson, Guðjón Þór Ólafsson, Guðmundur Dagur Jóhannsson, Andri Geir Alexandersson, Andrés Már Harðarson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Trausti Sigurbjörnsson, Aron Ýmir Pétursson, Ívar Haukur Sævarsson, Ögmundur Sveinsson, Leó Daðason, Ólafur Dór Baldursson, Sindri Albertsson. Á myndina vantar Einar Viðarsson, kennara.

8. SJ

Bjarki Sigmundsson, Einar Karl Einarsson, Þorbjörn Heiðar Heiðarsson, Dána Georgsdóttir, Guðrún Drífa Halldórsdóttir, Maren Helga Guðmundsdóttir, Eyþór Björgvinsson, Jóhann Ólafur Benjamínsson, Jón Birkir Bergþórsson, Reynir Ver Jónsson, Rúna Dís Þorsteinsdóttir, Hildur Jónsdóttir, Karín Hera Árnadóttir, Harpa Jónsdóttir, Svana María Friðriksdóttir, Auður Elísa Harðardóttir, Ólafur Helgi Halldórsson, Kristín Edda Egilsdóttir.

Á myndina vantar Sólva Má Sigurjónsson og Sigurjón Jónsson, kennara.





8. UÁ

Hulda María Ásgeirsdóttir, Ragna Lóa Sigmarsdóttir, Hulda Halldórsdóttir, Heiður Hallsdóttir, Helga María Skúladóttir, Björn Jónsson, Andri Már Jóhannsson, Teitur Símon Óskarsson, Arnþór Ingi Kristinsson, Bjartmar Már Björnsson, Inga Þóra Lárusdóttir, Regína Ösp Ásgeirsdóttir, Sunna Dís Jensdóttir, Lára Jóhanna Magnúsdóttir, Atli Harðarson, Finnur Kleifar Björgvinsson, Trausti Geir Jónsson, Þorleifur Þorbjörnsson, Jón Már Brynólfsson.

Á myndina vantar Stefaníu Hallgrímsdóttur og Ursulu Rögnu Ásgrímsdóttur, kennara.

9. LK

Arnar Jónsson, Þórður Björnsson, Bára Kristbjörg Rúnarsdóttir, Freyja Þóll Smáradóttir, Ylfa Flosadóttir, Jóhanna Gísladóttir, Lára Guðriður Guðgeirsdóttir, Aníta Lía Svansdóttir, Stefán Valentinsson, Þórey Hólm Heimisdóttir, Andri Már Marteinsson, Tómas Ævar Ólafsson, Ásgerður Hlynisdóttir, Magnús Ingimarsson, Lísbet Sigurðardóttir, Laufey Karlsdóttir, kennari, Steinþóra Guðrún Þórisdóttir, Ólöf Vala Schram, Petra Rán Jóhannsdóttir

Á myndina vantar Evu Rós Karlsdóttur og Róbert Þór Henn.



9. SR

Páll Straumberg Guðsteinsson, Marías Þór Skúlason, Thelma Ýr Gylfadóttir, Sara Björk Þorsteinsdóttir, Ríkka Emilía Böðvarsdóttir, Sigríður Ragnarsdóttir, kennari, Freyr Karlsson, Eva Björk Pétursdóttir, Ragnheiður Smáradóttir, Gréta Björg Björnsdóttir, Eva Kristín Elfarsdóttir, Kristín Sandra Karlsdóttir, Ísleifur Örn Guðmundsson, Hrafnkell Allan Sigurbjörnsson, Valdís Þóra Jónsdóttir, Kolbrún Júlía Óladóttir.

Á myndina vantar Erlu Dröfn Kristinsdóttur og Vilhjálmi Rúnar Vilhjálmsson.

10. KH

Aгла Harðardóttir, Arnór Smárason, Eva Eiríksdóttir, Steinunn Eik Egilsdóttir, Lára Hólm Heimisdóttir, Fríða Ásgeirsdóttir, Nanna Maren Stefánsdóttir, Kristbjörg María Bjarnadóttir, Edit Ómarsdóttir, Trausti Tryggvason, Elin Björnsdóttir, Máni Elmarsson, Bjarni Tómas Helgason, Björn Dan Karlsson, Hinrik Þór Guðbjartsson, Gísli Lindal Karvelsson, Karl Hallgrímsson, kennari, Guðmundur Freyr Hallgrímsson, Vladimir Omelianov, Kristján Már Gunnarsson, Arnar Ingólfsson.

Á myndina vantar, Aðalheiði Björk Sigurdórsdóttir, Helenu Rúnarsdóttur, Ingu Guðlaugu Valdimarsdóttur, Reyni Karl Sverrisson og Þór Birgisson.



10. GSH

Ester María Ólafsdóttir, Maren Ósk Elíasdóttir, Eva Björk Ægisdóttir, Karitas Hrafns Elvarsdóttir, Aron Þór Kristjánsson, Ársæll Ottó Björnsson, Bjarni Már Stefánsson, Guðmundur Ingi Gunnarsson, Alexandra Ósk Sigurjónsdóttir, Eydís Smáradóttir, Unnur Ósk Magnúsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Ragnheiður Ólafsdóttir, Aron Danielsson, Magnús Geir Guðmundsson, Sveinn Halldór Helgason, Elís Veigar Ingibergsson, Þórður Sölvason, Ásgeir Garðar Ásgeirsson, Magnús Viðarsson, Gunnar Sturla Herverarsson, kennari.

Á myndina vantar Almar Tý Haraldsson, Fríði Ósk Kristjánsdóttur og Valgeir Valda Valgeirsson.

Almenni Ökuskólinn ehf

Almenn ökuréttindi
Æfingaakstur – Ökuskóli
Skellinöður - Dráttarvélur
Mótorhjólapróf -Meirapróf

Vilhjalmur Gíslason, löggiltur ökukennari
Sigurður Arnar Sigurðsson, löggiltur ökukennari



862-1368
898-1268

Nemandi í Grundaskóla býr í Hollandi!

Það er einkennilegt en þó skemmtilegt að segja frá því að einn nemandi í Grundaskóla er með leyfi úr skólanum eftir áramót. Það er Arnór Smárasón í 10. KH. Arnór leikur nú fótbolta í Hollandi með liðinu Heerenveen. Hann er líka í U17 ára landsliði Íslands og kemur stundum heim til að æfa með því liði. Við í Grundaskóla efumst ekki um að Arnór standi sig með þryði hjá Heerenveen og sé skólanum okkar og Akurnesingum öllum til sóma með framkomu sinni innan vallar sem utan. Hann ætlar að koma aftur til okkar í maí og taka samræmdu prófin, en svo fer hann aftur út.

Arnór eyðir miklum tíma í námið, af því eins og allir vita að þótt

lífið sé leikur og fótboltinn alvaran, skiptir námið líka máli!

Við ákváðum að forvitnast um hagi Arnórs í Hollandi.

Arnór, hvernig gengur að læra hollenskuna?

Hollenskan gengur mjög vel núna. Maður umgengst nánast enga aðra en Hollendinga og heyrir varla annað tal en hollensku. Þannig að þetta er allt að koma. Var samt mjög erfitt fyrst, þá bjargaði ég mér bara með ensku. Núna er þetta líka orðið þannig að það er bannað að tala annað mál en hollensku við mig, sem er bara mjög gott.

Gengur fótboltinn ekki alltaf jafn vel?

Fótboltinn er í góðum gir. Ég æfi oftast tvisvar sinnum á dag



Bræðurnir Sverrir Mar og Arnór Smárasynir og Ari Skúlason leikmaður Heerenveen.

med unglingsliðinu, og svo spilum við leiki um helgar. Liðið er í 4. sæti í deildinni sem er finn árangur. Strákarnir í liðinu eru alveg frábærir og mórallinn er mjög góður. Ef ég verð svo heppinn að mér býðst að vera héra áfram, þá mun ég svo sannarlega grípa tækifærið. Þetta er búin að vera skemmtileg og góð reynsla, og mér liður mjög vel.

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA ÚTGÁFU ÞESSA BLAÐS

Porgeir og Ellert hf.

Hljómsýn

Keilusalur Akraness

Bifreiðastöð ÞPP

Blikksmiðja Guðmundar ehf.

Runólfur Hallfreðsson

Ingjaldur Bogason tannlæknir

B.O.B. sf vinnuvélar

Skóflan

Gísli og Kristján sf.

Lárus A. Pétursson tannlæknir

Viðar Einarsson ökukennari

H.B. hf.

Blómahúsið

Hárstíll ehf.

Hönnun

Rafhönnun

Sementverksmiðjan

Bjarmar ehf.

Verslunin Bjarg

Málningarbúðin ehf.

NETTÓ

L.G. sf málningarverktakar

Bílver ehf.

Hárhús Kötlu

Lögmannsstofa Tryggva Bjarnasonar

Fótaaðgerðastofa Guðrúnar

Sigurbjörnsdóttur Fasteignamiðlun

Vesturlands

Uppheimar ehf.

Híbylamálun Garðars Jónsson ehf.

Gámaþjónusta Akranes

Almenna verkfræði- og teiknistofan ehf.

ÓB Esjubraut



hp myndavélar



435 z tafnan myndavél
Upplausn: 3.1 MegaPixel
Aðdráttur: 5x digítal
Hreyflmyndir: ótakmarkað eðir minni
Hljóð: ótakmarkað eðir minni
Fókus: Normal
Skjær: 3.8cm LCD lítas skjær
Minnisraufar: Secure Digital (SD), 16 mb inni minni
Tengi: USB, HP tengilírf (aukahl)
Vörunúmer: Q3731A

hp photosmart 435



635 z tafnan myndavél
Upplausn: 2.0 MegaPixel
Aðdráttur: 12x (3x aðdráttur, 4x digítal)
Hreyflmyndir: ótakmarkað eðir minni
Hljóð: ótakmarkað eðir minni
Skjær: 4.1 cm LCD lítas skjær
Minnisraufar: Secure Digital (SD), 16 mb inni minni
Tengi: USB, HP tengilírf (aukahl)
Vörunúmer: Q2224A

hp photosmart 635



735 z tafnan myndavél
Upplausn: 3.34 MegaPixel
Aðdráttur: 15x (3x aðdráttur, 5x digítal)
Hreyflmyndir: ótakmarkað eðir minni
Hljóð: ótakmarkað eðir minni
Skjær: 3.8 cm LCD lítas skjær
Minnisraufar: Secure Digital (SD), 16 mb inni minni
Tengi: USB, HP tengilírf (aukahl)
Vörunúmer: Q2210A

hp photosmart 735



735 z tafnan myndavél
Upplausn: 3.34 MegaPixel
Aðdráttur: 15x (3x aðdráttur, 5x digítal)
Hreyflim: ótakmarkað eðir minni
Hljóð: ótakmarkað eðir minni
Skjær: 3.8 cm LCD lítas skjær
Minnisraufar: Secure Digital (SD), 16 mb inni minni
Tengi: USB, HP tengilírf (aukahl)
Vörunúmer: Q2213A

hp photosmart 735



935 z tafnan myndavél
Upplausn: 5.3 MegaPixel
Aðdráttur: 21x (3x aðdráttur, 7x digítal)
Fókus: Normal, macro, infinity
Hreyflmyndir: 120 sek.
Hljóð: 60 sek.
Skjær: 3.8 cm TFT lítas skjær
Minnisraufar: Secure Digital (SD), 32 mb kort fylgir
Tengi: USB, HP tengilírf (aukahl)
Annað: Pentax línsa
Vörunúmer: Q2214A

hp photosmart 935



935 z tafnan myndavél
Upplausn: 5.3 MegaPixel
Aðdráttur: 21x (3x aðdráttur, 7x digítal)
Fókus: Normal, macro, infinity
Hreyflmyndir: 120 sek.
Hljóð: 60 sek.
Skjær: 3.8 cm TFT lítas skjær
Minnisraufar: Secure Digital (SD), 32 mb kort fylgir
Tengi: USB, HP tengilírf
Annað: Pentax línsa
Vörunúmer: Q2217A

hp photosmart 935



945 z tafnan myndavél
Upplausn: 5.3 MegaPixel
Aðdráttur: 56x (8x aðdráttur, 7x digítal)
Fókus: Normal, macro, infinity, manual
Hreyflmyndir: 120 sek.
Hljóð: 60 sek.
Skjær: 3.8 cm TFT lítas skjær
Minnisraufar: Secure Digital (SD), 32 mb kort fylgir
Tengi: USB, HP tengilírf (aukahl)
Annað: Pentax línsa

hp photosmart 945



945 z tafnan myndavél
Upplausn: 5.3 MegaPixel
Aðdráttur: 56x (8x aðdráttur, 7x digítal)
Fókus: Normal, macro, infinity, manual
Hreyflmyndir: 120 sek.
Hljóð: 60 sek.
Skjær: 3.8 cm TFT lítas skjær
Minnisraufar: Secure Digital (SD), 32 mb kort fylgir
Tengi: USB, HP tengilírf
Annað: Pentax línsa

hp photosmart 945



Tölvuþjónustan ehf, Vesturgata 48 Akranesi, sími 430-7000

www.tolva.is tolva@tolva.is



Myndaðu fjársjóð!

Fermingin markar tímamót á margan hátt og þá er gott að huga að verkefnum framtíðarinnar: Bílprófinu, fyrsta bílnum eða útborgun í fyrstu íbúðinni. Þess vegna er ráðlegt að fjárfesta strax í langtímasparnaði þar sem fermingarpeningarnir ávaxta sig jafnt og þétt. **Framtíðargrunnur** og **Sparibréf Landsbankans** eru skynsamlegir kostir.

Námufélagar á fermingarári sem leggja inn á **Framtíðargrunn** eða fjárfesta í **Sparibréfum** fyrir 31. maí verða með í lukkupotti. Í byrjun júní verða svo dregnir út 50 heppnir Námufélagar sem fá nýja 3200 myndavélasímann frá Nokia.

